# FRÉTTABLAÐIÐ

271. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 20. NÓVEMBER 2019




Ríkisstjórnin fundaði í Ráðherrabústaðnum í gær. Þar voru meðal annars samþykktar aðgerðir í sjö liðum til að auka traust á íslensku atvinnulífi. Sjá nánar á síðu 4 FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Vextir fyrirtækjalána fara hækkandi

**Íslandsbanki hefur nýtt ákvæði í samningum við fyrirtæki til að hækka vexti. Arion tók af skarið fyrr á árinu. Hækkanirnar yfir prósentustigi. Bregðast við lágri arðsemi og bera fyrir sig bankaskatt og háar eiginfjárkröfur.**

**VIÐSKIPTI** Íslandsbanki hefur fylgt í fótspor Arion banka með því að nýta ákvæði í lánasamningum við fyrirtæki til þess að hækka vaxtaálag. Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, segist hafa heyrt dæmi um að vaxtaálag ofan á grunnvexti hafi hækkað um allt að eitt prósentustig á lánum fyrirtækja sem eru innan raða félagsins.

„Við höfum fengið ábendingar um að bankinn hafi verið að hækka vaxtaálagið nokkuð duglega, jafnvel hátt í tvöfalt. Þetta er alls ekki eitthvað sem fyrirtæki þurfa á að halda þegar hægt hefur á efnahagsumsvifum og allur kostnaður er á uppleið. Og þetta er óneitanlega svolítið öfugsnúið vegna þess að atvinnurekendur höfðu talið að þeir myndu njóta vaxtalækkana Seðlabankans,“ segir Ólafur.

Um sé að ræða minni og meðalstór fyrirtæki en fyrir breytinguna hafi lánin borið vaxtaálag á bilinu 1,2 til 1,5 prósent. Hækkunin sé því býsna drjúg. Íslandsbanki hafi borið fyrir sig bankaskattinn og háar lausa- og eiginfjárkröfur Fjármálaeftirlitsins í samskiptum við fyrirtækin.

Jón Guðni Ómarsson, framkvæmdastjóri fjármála hjá Íslandsbanka, segir að vaxtakjör séu heldur að hækka en það sé mjög breytilegt eftir fyrirtækjum. Breyting á vaxtakjörum velti til að mynda á áhættu í rekstri lántaka og öðrum þáttum. Þá sé bankinn að bregðast við lágri arðsemi af undirliggjandi rekstri.

„Það sem við þurfum að taka með í reikninginn er að síðustu 12 mánuðum hefur komið í ljós að undirliggjandi arðsemi bankanna er langt undir því sem eðlilegt telst,“ segir Jón Guðni. „Þetta er eitthvað sem við þurfum að bregðast við og í einhverjum tilvikum leiðir það til þess að vaxtaálag á útlánum hækkar.“

Arion tók af skarið fyrr á árinu þegar bankinn ákvað að byrja að nýta sér ákvæði um vaxtabreytingardaga til þess að hækka vexti fyrirtækjalána. Í sumum tilfellum hækkaði vaxtaálagið um og yfir tvö prósentustig, samkvæmt heimildum Markaðarins. **– þfh /** **sjá Markaðinn**

## Símtalið sagt óviðeigandi

**BANDARÍKIN** Yfirheyrslur þingnefndar fulltrúadeildar Bandaríkjaþings vegna ákæru á hendur Donald Trump forseta héldu áfram í gær. Þá báru meðal annars vitni Alexander Vindman, undirofursti og sérfræðingur þjóðaröryggisráðs í málefnum Úkraínu, og Jennifer Williams, aðstoðarkona Mikes Pence varaforseta.

Bæði Vindman og Williams voru viðstödd símtal Trumps við Volodímír Zelenskí, forseta Úkraínu, í sumar. Vindman sagði að það hefði verið óviðeigandi af Trump að krefjast í símtalinu rannsóknar á pólitískum andstæðingi. Williams sagði símtalið hafa verið óvenjulegt þar sem umræðurnar hefðu snúist um bandarísk innanlandsmál. **– sar**

## Lokun skóla í Korpu staðfest

**REYKJAVÍK** Borgarstjórn samþykkti í gær með atkvæðum meirihlutans tillögu um breytingar á skólahaldi í norðanverðum Grafarvogi. Frá og með næsta skólaári verður skólahald í starfsstöð Kelduskóla í Korpu, sem er fyrir 1.-7. bekk, lagt af þar til fjöldi barna í Staðahverfi hefur náð 150. Í dag eru 59 nemendur í skólanum.

Minnihlutinn í borgarstjórn lagði til að málinu yrði frestað vegna fjölda athugasemda og mótmæla sem ákvörðun meirihlutans hafi mætt. Fulltrúar allra flokkanna í minnihlutanum lásu upp bókanir þar sem málsmeðferð meirihlutans var gagnrýnd.

Foreldrar, skólabörn og kennarar úr Kelduskóla Korpu fjölmenntu á áhorfendapalla Ráðhússins til að láta óánægju sína í ljós. **– sar**










## Veður



Austan 13-23 m/s S- og SV-lands, hvassast syðst, víða 8-13 í öðrum landshlutum. Skýjað og rigning með köflum S-til. Hiti 1 til 7 stig, en í kringum frostmark á NA-verðu landinu. SJÁ SÍÐU 14



**Úr dómsal í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Ríkið sýknað af kröfum zúista

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi íslenska ríkið sýknt af kröfum trúfélagsins Zuism á Íslandi. Málskostnaður beggja aðila var hins vegar felldur niður.

Í júlí var greint frá því að félagið hefði stefnt ríkinu vegna 6 milljóna króna dráttarvaxta. En ríkið hélt eftir sóknargjöldunum þegar deilur stóðu um hverjir væru raunverulegir stjórnendur Zuism á Íslandi.

Auk þess snerist málið um aðkomu sýslumannsins á Norðurlandi eystra, sem fer með skráningu trúfélaga. Zúistar töldu að hann hefði ekki staðið rétt að málum en fulltrúi embættisins hafði sagt í fjölmiðlum að vafi væri á því hvort félagið uppfyllti skilyrði laganna.

**Árið 2015 voru 4 í Zuism á Íslandi en ári seinna rúmlega 3.000.**

Eftir dómsuppsögu sagðist Gunnar Egill Egilsson, lögmaður félagsins, þurfa að skoða forsendur dómsins áður en hann gæti tjáð sig efnislega um hann. Hann gat ekki sagt hvort málinu yrði áfrýjað til Landsréttar, hann þyrfti að bera það undir stjórn félagsins.

Árið 2015 voru fjórir í Zuism á Íslandi, en eftir að tilkynnt var að sóknargjöldunum yrði skilað til meðlima rauk fjöldinn upp í rúm 3.000 árið eftir. Eftir upprunalegu stjórnendurnir fengu aftur forræði yfir félaginu hefur félagsmönnum fækkað um tæpan helming, en þeir hafa þó sagt að sóknargjöld yrðu áfram greidd út. – khg

# Húsfyllir í Hörpu



Heimsþing kvenleiðtoga var formlega sett í Hörpu í gær. Þátttakendur eru um 450 talsins frá um eitt hundrað löndum víðs vegar um heim. Á þinginu eru engir áhorfendur heldur eiga allir að vera virkir þátttakendur og taka þátt í umræðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

# Tæplega 50 þúsund erlendir ríkisborgarar

**SAMFÉLAG** Erlendir ríkisborgarar búsettir á Íslandi voru 48.996 þann 1. nóvember síðastliðinn. Hafði þeim fjölgað um 4.840 eða ellefu prósent frá 1. desember á síðasta ári. Á sama tímabili fjölgaði íslenskum ríkisborgurum aðeins um 0,6 prósent. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Þjóðskrá.

**Pólverjar eru langfjölmennastir erlendra ríkisborgara eða 20.537.**

Pólverjar eru langfjölmennastir erlendra ríkisborgara eða 20.537 sem gerir 5,7 prósent íbúa á Íslandi. Íslenskir ríkisborgarar eru 86,5 prósent mannfjöldans og aðrir erlendir ríkisborgarar, eru 7,8 prósent.

Næstflestir erlendir ríkisborgarar eru frá Litháen, eða 4.587. Þá eru rúmlega tvö þúsund frá Lettlandi og Rúmeníu. – sar




# Fékk Michelin-stjörnu á afmælisdaginn sinn

Um helgina fékk belgíski veitingastaðurinn Souvenir afhenta Michelin-stjörnu við hátíðlega athöfn ytra. Eigendur staðarins eru hjónin Joke Michiel og Vilhjálmur Sigurðsson sem rekið hafa staðinn síðustu tvö ár í Gent.

**SAMFÉLAG** „Þetta er fyrst og fremst mikill heiður. Við höfum lagt hart að okkur undanfarin ár og það er gaman að uppskera með þessum áþreifanlega hætti,“ segir Vilhjálmur. Hann segir að veitingastaðurinn hafi fengið góðar viðtökur frá fyrstu tíð sem kom aðstandendum nokkuð á óvart enda leikur grænmeti aðalhlutverkið á matseðli Souvenir. „Grænmetið er stjarnan á matseðlinum en að auki eldum við ýmiss konar fiskmeti,“ segir hann.

Vilhjálmur lærði matreiðsluðnina á Íslandi og vann meðal annars á Grillinu á Hótel Sögu og á veitingastaðnum Dilli þegar sá merki staður var til húsa í Norræna húsinu. Hann kynntist síðan Joke, sem er belgísk, og fluttu þau út fyrir tíu árum. Hann segist ekki á heimleið en vonast til að geta hagað vinnu sinni þannig að meiri tími gefist fyrir Íslandsheimsóknir á næstu árum.

„Það er gríðarlegur áhugi fyrir Íslandi hérna í Gent og ótrúlega margir gestir sem ræða við mann um væntanlega Íslandsferð eða hvað nýafstaðin ferð hafi verið frábær. Ég held að ég hafi aldrei séð eins margar lopapeysur og hérna úti,“ segir Vilhjálmur kíminn. Þá segist hann nokkuð reglulega fá heimsóknir frá Íslendingum. „Ég get kannski ekki byggt reksturinn á þeim heimsóknum en Íslendingar sem búa hér ytra kíkja oft í heimsókn og það er mjög ánægjulegt,“ segir Vilhjálmur.

Tilkynnt er um Michelin-stjörnur til belgískra veitingastaða á sérstökum galakvöldverði. Það er eins konar árshátíð belgískra veitingamanna og því mikilvægt að mæta þar til að sýna sig og sjá aðra. Það var þó ekki á döfinni hjá Joke og Vilhjálmi enda voru þau að fagna afmælisdegi Joke auk þess sem aðeins er vika þar til þriðja barn þeirra mun líta dagsins ljós.

„Við vorum bara að fá okkur notalegan hádegisverð þegar við fengum símtal frá formanni Michelin-nefndarinnar um að við yrðum að mæta til að taka við viðurkenningunni. Þetta símtal var því skemmtileg afmælisgjöf,“ segir Vilhjálmur. bjornth@frettabladid.is



**Hjónin Joke og Vilhjálmur höfðu tvöfalda ástæðu til að gleðjast.**

> Ég held að ég hafi aldrei séð eins margar lopapeysur og hérna úti.
>
> Vilhjálmur Sigurðsson

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

+PLÚS



# Heimsþing kvenleiðtoga

Um 450 leiðtogar frá um 100 löndum sitja heimsþingið sem haldið er í Hörpu í Reykjavík þessa dagana. Ráðgert er að þinginu ljúki síðdegis í dag.












PARKET,
FLÍSAR, HURÐIR
allt á einum stað
GÆÐI, ÞJÓNUSTA OG GOTT VERÐ
HAFÐU SAMBAND, VIÐ VEITUM FAGLEGA RÁÐGJÖF.
GERUM VERÐTILBOÐ OG SENDUM
UM LAND ALLT.
Birgisson®
Ármúli 8 | 108 Reykjavík | Sími 516 0600 | www.birgisson.is

# Reynt að auka traust á íslensku atvinnulífi í kjölfar Samherjamáls

**STJÓRNSÝSLA** Ríkisstjórnin boðar aðgerðir til að auka traust á íslensku atvinnulífi.

Aðgerðaáætlun í sjö liðum felur í sér að auka gagnsæi í rekstri stærri, óskráðra fyrirtækja sem geta haft kerfislæg áhrif í íslensku efnahagslífi til „að tryggja betur heilindi og orðspor íslensk atvinnulífs“, segir í tilkynningu.

„Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur óskað eftir því að við þessa vinnu verði tekið til sérstakrar skoðunar hvort gera þurfi enn ríkari kröfur um gagnsæi til stærri sjávarútvegsfyrirtækja,“ segir áfram í tilkynningunni.

Stuðla á að úttekt á fiskveiðum á alþjóðavettvangi og vinna tillögur til úrbóta í samvinnu við aðrar alþjóðlegar stofnanir gegn spillingu, mútum og peningaþvætti.

Þá á að ljúka endurskoðun á skilgreiningu á svokölluðum tengdum aðilum fyrir áramót. „Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um eftirlit Fiskistofu frá því í janúar síðastliðnum kemur fram að ekki verði séð að Fiskistofa kanni hvort yfirráð tengdra aðila í sjávarútvegi yfir aflahlutdeildum sé í samræmi við það hámark sem er skilgreint í lögum um stjórn fiskveiða.“



**Forsætisráðherra eftir ríkisstjórnarfundinn í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/SREFÁN

Enn fremur á að tryggja viðbótarfjárveitingar til skattrannsókna og huga að vörnum gegn hagsmunaárekstrum og mútubrotum.

„Á fundi ríkisstjórnarinnar var fjallað um Samherjamálið með tilliti til alþjóðasamskipta. Hvorki utanríkisráðuneytið, sendiskrifstofur né viðskiptafulltrúar hafa fengið teljandi fyrirspurnir eða athugasemdir frá stjórnvöldum annarra ríkja eða alþjóðlegum og svæðisbundnum samtökum,“ segir í frétt stjórnarráðsins.

Samtök atvinnulífsins segja það allra hag að ásakanir í garð Samherja verði rannsakaðar hratt og ítarlega. „Sú háttsemi sem fyrirtækið er sakað um rýrir bæði traust á atvinnulífinu og skaðar orðspor Íslands.“

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi segjast í yfirlýsingu „munu gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að styðja við stjórnvöld, þannig að innleiða megi tilhlýðilegar aðgerðir sem snerta fyrirtæki í sjávarútvegi“. **– gar**



**Trén þrjú á samsettri mynd.**

## Kosningaslagur þriggja jólatrjáa

**HÚSAVÍK** Þrjú tré á Húsavík keppa nú um hylli íbúanna sem eiga þess kost að velja jólatré bæjarins þetta árið.

Samkvæmt upplýsingum á skrifstofu Norðurþings hefur í nokkur ár verið farin sú leið að nota jólatré fyrir Húsavík úr einkagörðum þeirra sem viljað hafa losna við trén. Nú bregði svo við að þrjú slík tré séu í boði. Því hafi verið farin sú leið að leyfa bæjarbúum að velja hvaða tré verður hoggið.

„Við viljum biðja fólk að virða það að trén eru í einkagörðum og því ber að sýna nærgætni við skoðun,“ segir á vef Norðurþings. Kosningin hófst í gær og verður hið útvalda jólatré sett upp á litlu torgi við Búðará laugardaginn 30. nóvember. **– gar**

## Tíu ára afmæli varnarsamstarfs

**VARNARMÁL** „Ef meiri háttar öryggisvá steðjaði að Norðurlöndunum, myndi það hafa áhrif á okkur öll. Í því skyni að uppfylla sameiginlega ábyrgð okkar á öryggismálum í heimshlutanum, þurfum við að halda áfram að efla sameiginlega viðbúnaðargetu okkar.“

Svo segir í sameiginlegri grein Guðlaugs Þórs Þórðarsonar utanríkisráðherra og norrænu varnarmálaráðherranna sem birtist á vef Fréttablaðsins, frettabladid.is, í dag. Tilefni greinarinnar er tíu ára afmæli norræna varnarsamstarfsins NORDEFCO. **– sar**

# Samherjamálið og vantraust hefur áhrif á kjaraviðræður

**Brátt hefjast kjaraviðræður á milli Sjómannasambandsins og SFS en núverandi kjarasamningar renna út um næstu mánaðamót. Formaður Sjómannasambandsins segir Samherjamálið og vantraust á milli sjómanna og útgerðar hafi áhrif á viðræðurnar. Framkvæmdastjóri SFS kannast ekki við aukið vantraust.**



**Formaður Sjómannasambandsins segir aukna hörku í samskiptunum við útgerðarmenn.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**KJARAMÁL** Kjarasamningar sjómanna við útgerðarmenn renna út um mánaðamótin en þeir voru undirritaðir eftir 10 vikna verkföll vorið 2017. Formlegar viðræður eru ekki hafnar en nú er verið að skipa í samninganefnd Sjómannasambands Íslands. Utan sambandsins eru Sjómannafélag Íslands og Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur sem semja sér.

Valmundur Valmundsson, formaður sambandsins, segir stefnuna hafa verið setta á formannafundi. Enn eigi eftir að móta kröfurnar en að nauðsynlegt sé að einfalda samningana sem séu gamlir í grunninn.

„Í ljósi aðstæðna kemur upp sú spurning hvort sjómenn séu að fá rétt greitt fyrir fiskinn,“ segir Valmundur. „Samherjamálið hlýtur að hafa áhrif á viðræðurnar. Það skal ekki dæma neinn fyrr en sekt er sönnuð, en manni blöskrar ef þetta er svona. Í hugum margra sjómanna vakna spurningar um hvernig málum sé háttað hérna heima, hvort verið sé að stunda tvöfalda verðlagningu til dæmis. Við sjáum að í nágrannalöndunum er verið að borga nærri þrefalt hærra verð fyrir grunnsjávarfiskinn.“

Launakröfur og umræða um fiskverð verður efst á baugi að mati Valmundar. Þá segir hann sjómenn þá einu sem hafi ekki fengið leiðréttingu á lífeyrisgreiðslum. Viðbótarframlag í séreignasjóði sé tvö prósent hjá sjómönnum en ekki 3,5 prósent eins og annars staðar.

Eitt af því sem steytir á er lengd slysa- og veikindabóta, sem eru tveir mánuðir. „Við töldum að við værum með sameiginlegan skilning en því hefur verið hafnað af útgerðarmönnum,“ segir Valmundur.

> **Samherjamálið hlýtur að hafa áhrif á viðræðurnar.**
>
> Valmundur Valmundsson formaður Sjómannasambands Íslands



Spurður hvort búist sé við hörðum deilum eða verkföllum segir hann að svo kunni að vera. „Það er alltaf hiti í sjómönnum þegar kjaramál eru rædd. Við erum að bíða eftir samþykktri veiðiáætlun frá SFS og í henni verður lokadagsetning til að vísa deilunni til sáttasemjara, sem verður þá vonandi fljótlega eftir áramót ef ekki semst.“

Nýlega var auknu vantrausti lýst yfir á þingi sambandsins á milli sjómanna og útgerða. Valmundur segir þetta óhjákvæmilega lita viðræðurnar.

Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri SFS, segir ómögulegt að segja til um hvort samningar náist fljótt. „Viðræður hafa verið í gangi alveg frá því að við undirrituðum síðustu samninga. Þær hafa svo sem gengið vel en ég held að það sé of snemmt að segja til um hvenær vænta megi að aðilar nái saman um nýjan samning. Við erum á byrjunarstigi á formlegu ferli þar.“

Heiðrún hefur ekki orðið vör við aukið vantraust í samskiptum aðila. Úrskurðarnefnd taki á ágreiningsmálum um fiskverð. Of snemmt sé að segja til um hvort Samherjamálið hafi áhrif á viðræður. „Ég myndi telja það nokkuð langsótt að starfsemi eins fyrirtækis á erlendum vettvangi geti haft áhrif á kjaramál heillar atvinnugreinar hér heima.“

**kristinnhaukur@frettabladid.is**


Tannlækningar í Ungverjalandi
Sparaðu allt að 50-70%!




Hafðu samband:
+ 36 70 942 9573
info@fedaszdental.hu
www.tannlaeknathjonusta.is


# Nota frárennsli til að hita upp stíg

**NORÐURLAND** Útivistarstígurinn Stangarbakkavegur á Húsavík hefur að mestu leyti tekið á sig mynd en hann er upphitaður með frárennsli. Að sögn Kristjáns Þórs Magnússonar, sveitarstjóra Norðurþings, er um gamla hugmynd að ræða, sennilega frá þeim tíma þegar lögnin var lögð í bakkann, en á veginum sem liggur þvert í gegnum bæinn munu verða áningar- og útsýnisstaðir.

„Við ákváðum að fara í þetta verkefni samhliða endurbótum á fráveitu- og yfirborðslagnakerfinu á bakkanum,“ segir hann en stígurinn er samstarfsverkefni Norðurþings og Orkuveitu Húsavíkur.

Ferðamannastraumur hefur aukist mikið á Húsavík. Stór skemmtiferðaskip koma þar við og hvalaskoðunarbransinn hefur vaxið mikið. Kristján Þór segir að bæjaryfirvöld hafi metnað til þess að hafa bæinn og sveitarfélagið allt snyrtilegt og fínt fyrir ferðamenn. „Ég hugsa að það hafi ekki spillt fyrir hversu glæsilegur stígurinn á Akureyri er, útsýnis- og samgöngustígur með fram sjólínunni.“



**Stangarbakkavegurinn er malbikaður og hlýr.** MYND/GAUKUR HJARTARSON

> **Stíginn er samt hægt að nota núna, hann er upphitaður og fínn.**
>
> Kristján Þór Magnússon, sveitarstjóri Norðurþings

Stefnan er sett á að reyna að klára flesta áningarstaðina á næsta ári og að verkið verði fullklárað ári seinna. Þá er einnig til hönnun af stigaverki niður frá veginum. „Stíginn er samt hægt að nota núna, hann er upphitaður og fínn,“ segir Kristján. **– khg**

# STERKARI SAMAN

Tvær af öflugustu prentsmiðjum landsins
Prentmet og Oddi hafa nú tekið
höndum saman undir nafninu

prentmet ODDI
heildarlausnir í prentun

Saman höfum við yfir 100 ára reynslu í prenti.
Láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna bestu,
hagkvæmustu og umhverfisvænustu leiðina fyrir þína vöru.

*Við tökum vel á móti þér*

Umbúðir
Almenn prentun
Bækur
Límmiðar
Bréfpokar

Lynghåls 1, 110 Rvk 5 600 600
Höfðabakki 7, 110 Rvk 515 5000
Eyravegi 25, 800 Selfoss 482 1944
Heiðargerði 22, 300 Akranes 431 1127
prentmetoddi.is

UMHVERFISVOTTUÐ PRENTSMIÐJA

# Mikilvægt að notkun sýklalyfja hér sé hófleg

**Íslendingar nota mest allra Norðurlandaþjóða af sýklalyfjum en þó er sýklaónæmi hér minna en hjá frændþjóðunum. Nú er vitundarvika um skynsamlega notkun sýklalyfja en sé hún úr hófi getur það orsakað sýklaónæmi.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Á hverju ári greinast einn til þrír einstaklingar með illa næma bakteríu eða svokallaða karbapenemasa-myndandi bakteríu. Sýkingar af hennar völdum geta verið erfitt að meðhöndla. „Í öllum tilvikum hafa einstaklingarnir borið með sér bakteríuna frá útlöndum,“ segir Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir. Ástandið í sumum löndum og landsvæðum er verra en annars staðar og á það sérstaklega við um ýmis Asíulönd. Þegar einstaklingur hérlendis greinist með slíka sýkingu fer öflugt ferli í gang til þess að tryggja að sýkingin breiðist ekki út og það verk hefur verið vel unnið.

Sem dæmi nefnir Þórólfur að mikil áhersla sé lögð á að spyrja um ferðalög einstaklinga sem leggjast inn inn á íslenskar heilbrigðisstofnanir. Ef þeir hafa verið á slóðum þar sem fjölónæmi er algengara en annars staðar þá er reynt að hafa þá aðskilda frá öðrum sjúklingum þar til að þeir hafa verið skimaðir fyrir fjölónæmum bakteríum.

Annað verkefni sem er í gangi er að skima fyrir slíkum bakteríum í innlendum og erlendum matvælum. Þá er verið að vinna að reglum um hvað gera skuli við matvæli sem innihalda slíkar bakteríur.

Að framansögðu er ljóst að heyja þarf baráttuna gegn fjölónæmum bakteríum á mörgum vígstöðvum enda geta þær dreifst með margs konar hætti; milli manna, milli dýra sem og milli manna og dýra. Eins og áður segir finnast þær í matvælum og hættan er meiri í ákveðnum löndum og landsvæðum.

Þórólfur bendir þó á að þótt einstaklingur komist í snertingu við fjölónæmar bakteríur sé ekki þar með sagt að hann veikist, en ef hann sýkist verði meðhöndlun mun erfiðari.

„Það er erfiðara að meðhöndla sýkinguna en þó ekki útilokað. Sem betur fer hafa alónæmar bakteríur ekki numið hér land og það er það sem við reynum að sporna við eftir fremsta megni.“ Þórólfur segir litlar framfarir hafa orðið í þróun nýrra sýklalyfja og því þarf að hefta útbreiðslu fjölónæmra baktería fyrst og fremst með skynsamlegri notkun þeirra sýklalyfja sem eru til staðar, bæði í mönnum og dýrum.

Íslendingar nota meira af sýklalyfjum en Norðurlandaþjóðirnar en þó er sýklaónæmi hér minna en hjá frændþjóðunum. „Það er svolítið sérstakt að svo sé og ekki gott að segja hver ástæðan er. Þetta er samspil margra þátta og einangrun okkar hefur eflaust sitt að segja,“ segir Þórólfur.

Sem dæmi um aðrar mikilvægar aðgerðir í baráttunni nefnir Þórólfur fyrirbyggjandi aðgerðir eins og bólusetningar barna. „Það er mikilvægt tæki. Ef börn eru bólusett þá veikjast þau sjaldnar og því þarf ekki að skrifa eins mikið út af sýklalyfjum.“ Þá séu ýmiss konar aðgerðir í gangi til að bæta greiningar lækna á bakteríu- og veirusýkingum.

Hann segir íslenska heilbrigðisstarfsmenn og almenning vera ágætlega upplýstan um hóflega notkun sýklalyfja en lengi megi gott bæta. „Það er mikilvægt að þeir sem ávísa lyfjunum séu meðvitaðir um að nota þröngvirk lyf frekar en breiðvirk, sé þess kostur, og að lyfin séu notuð í eins stuttan tíma og hægt er. Þá er einnig mikilvægt að almenningur þrýsti ekki sífellt á um notkun slíkra lyfja við öllum mögulegum kvillum,“ segir Þórólfur. **bjornth@frettabladid.is**



**Reynt er að hindra að alónæmar bakteríur berist hingað.** NODICPHOTOS/GETTY

> **Sem betur fer hafa alónæmar bakteríur ekki numið hér land og það er það sem við reynum að sporna við eftir fremsta megni.**
>
> Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir



# Síldarvinnslan hugðist engan blekkja

**VIÐSKIPTI** Vegna fréttar í blaðinu síðastliðinn föstudag um tölvupósta milli framkvæmdastjóra Síldarvinnslunnar og þriggja starfsmanna Samherja á árinu 2014 skal áréttað að ekki var átt við að það hafi verð Síldarvinnslan eða samstarfsmaður og -félög fyrirtækisins á Grænlandi sem hafi áformað að blekkja þarlend stjórnvöld til að ná til sín aflaheimildum með því að þykjast ætla í uppbyggingu á Austur-Grænlandi.

Eins og fram kom í tilvitnuðum tölvupósti framkvæmdastjórans í fréttinni átti þetta við um aðra aðila. Sagði í póstinum frá því að það hafi verið „einhverjir heimamenn í Grænlandi með einhverja með sér í því að reyna ná kvótum og goodwill af stjórnvöldum með því að þykjast vera fara byggja upp á Austur Grænlandi“. Fréttablaðinu þykir miður hafi þetta misskilist.

Gunnþór Ingvason, framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar, sagði við frettabladid.is að morgni föstudags að fyrrnefnd frétt blaðsins þann dag væri röng. Í yfirlýsingu síðar þann dag kvaðst Síldarvinnslan harma villandi og meiðandi málflutning sem birst hafi í fréttinni.

Samstarfsmaður Síldarvinnslunnar á Grænlandi, Henrik Leth, stjórnarformaður Polar Seafood, hefur nánar útskýrt málavexti í grænlenska blaðinu Sermitsiaq. Er haft eftir Leth að á þeim tíma hafi margir útlenskir aðilar með Grænlendinga sem leppa reynt að að ná aflaheimildum í vaxandi makrílveiðum Grænlendinga.

„Það var hellingur af svikahröppum í þessu ferli sem reyndu að fella ódýrar pólitískar keilur með því að halda fram að þeir myndu byggja fiskiverksmiðju í Tasiilaq,“ er vitnað til Leths í Sermitsiaq. „Þess vegna fórum við í að kanna hvað þyrfti eiginlega til að opna slíka verksmiðju.“

Leth útskýrir síðan í Sermitsiaq að þess vegna hafi verið haft samband við Síldarvinnsluna, samstarfsaðila Polar Seafood til margra ára. Síldarvinnslan hafi haft reynslu af því að byggja fiskverksmiðjur og því hafi verið nærtækt að afla upplýsinga frá fyrirtækinu um hvað þyrfti að fjárfesta í slíku verkefni.

„Þegar við höfðum kannað möguleikann á uppsetningu verksmiðju varð niðurstaðan sú að það væri ekki fjárhagslega hagkvæmt,“ segir Leth við Sermitsiaq. **– gar**




**Síldarvinnslan er með starfsemi á fimm stöðum á landinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sæmundur




★★★★☆

Fréttablaðið, ÓKP 31. október 2019

**Einstakar sögur af íslensku sauðkindinni**




Bókin sem bókmenntaelítan hafnaði árið 1994 á meira erindi en nokkru sinni á MeToo-tímum.




Ekki raunasaga og ekki grátsaga. Þetta er sannsaga – lífssaga.




Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2019. Heillandi og hófstillt verk þar sem hugsanir um æsku og elli vega salt.




Münchhausen Íslands en líka einstaklega nákvæmur sagnaritari sem gefur okkur innsýn í fyrri tíma. Naívistinn slær hér einstakan tón fegurðar og tærleika.

# KÆRU BÖRN!

Við óskum ykkur hjartanlega til hamingju með 30 ára afmæli Barnasáttmálans

Þið eigið öll ykkar eigin mannréttindi

Barnaheill

# Ekki orð



Sunna Karen Sigurþórsdóttir
sunna@frettabladid.is

Eftir áralanga baráttu og fjölmarga áfellisdóma Mannréttindadómstóls Evrópu gegn Íslandi eru breytingar á réttarreglum um æruvernd og ærumeiðingar komnar til meðferðar á Alþingi. Í áratugi hafa íslenskir blaðamenn þurft að standa í því að verja sig og störf sín fyrir rétti, bæði á innlendum sem erlendum vettvangi.

Nýju frumvarpi er ætlað að færa lagaumhverfi meiðyrðamála til nútímahorfs þannig að þau heyri ekki lengur undir almenn hegningarlög. Þau lög hafa nánast staðið í stað frá árinu 1940 en í þeim segir meðal annars að einföld móðgun á prenti geti varðað allt að eins árs fangelsi og allt að fjórum árum ef forsetinn móðgast.

Þó að ekki sé hefð fyrir því að stinga blaðamönnum hér í steininn hafa dómstólar ítrekað brugðist því hlutverki að vera útverðir mannréttinda í landinu. Þó að blaðamaðurinn geti sýnt fram á að hin meiðandi ummæli séu sönn, dugar það ekki til. Sannleikurinn er ekki gild vörn í íslenskum rétti.

Við horfum fram á stöðugar breytingar í tæknivæddu samfélagi nútímans. Þess vegna ber að fagna frumvarpi dómsmálaráðherra um langþráðar breytingar. Og í því felast vonbrigðin. Enginn virðist fagna framtakinu og aðeins ein umsögn um málið barst allsherjar- og menntamálanefnd áður en umsagnarfrestur rann út fyrir helgi.

Fjölmiðlanefnd hefur stungið niður penna og enn og aftur sannar sú stofnun gagnsleysi sitt með því að leggjast gegn þessu stóra hagsmunamáli fyrir íslenska fjölmiðla. Til stuðnings andstöðu sinni við málið vísar nefndin til rússneskra tröllaverksmiðja (e. trollfactories) og áróðurs sem fylgdi kosningabaráttu Donalds Trump, og bætir því við að það geti haft „alvarleg skaðleg samfélagsleg áhrif að nema úr gildi ákvæði án þess að búið sé að meta þörfina á nýjum ákvæðum“.

Ekki orð um viðtekna dómaframkvæmd gegn blaðamönnum undanfarna áratugi, né heldur mikilvægi þess að hátta löggjöfinni í samræmi við nútíma viðhorf til mannréttinda. Þá er ekki tekið fram hversu oft íslenska ríkið hefur brotið gegn tjáningarfrelsi blaðamanna með löggjöf sinni að mati Mannréttindadómstólsins, en fjölmiðlanefnd til upplýsingar hefur ríkið beðið lægri hlut í Strassborg gegn öllum blaðamönnum sem leitað hafa réttar síns, nema einum, frá upphafi.

Fjölmiðlanefnd þarf að átta sig á að ekki stendur til að leggja af vernd ærunnar heldur er einfaldlega verið að uppfæra áratugagömul lög um tjáningarfrelsi til nútímans. Þetta er framfaraskref og þess vegna voru það líka vonbrigði að Blaðamannafélag Íslands skilaði auðu í þessu stóra hagsmunamáli blaðamanna. Hér með er því skorað á félagið að gera grein fyrir ákvörðun sinni og hvers vegna það telur ekki þörf á að bregðast við fyrirhuguðum breytingum í heimi fjölmiðla.

**Fjölmiðlanefnd hefur stungið niður penna og enn og aftur sannar sú stofnun gagnsleysi sitt með því að leggjast gegn þessu stóra hagsmunamáli fyrir íslenska fjölmiðla.**




Járn & Gler ehf. • Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin
104 Reykjavík • S. 58 58 900 • www.jarngler.is


## Halldór




## Frá degi til dags

**Stefna Hard Rock**

**Vegagerðin markaði sér stefnu og gaf út nýtt skipurit í vikunni. Í yfirlýsingu dýralæknisins sem sér um íslenska vegakerfið segir að leitað hafi verið til allra starfsmanna stofnunarinnar, verkfræðistofa úti í bæ, ferðaþjónustunnar, stjórnvalda og fleiri til að breyta stefnunni. Breytingin er að „þjónusta“ er orðin fjórða gildi stofnunarinnar ásamt öryggi, framsýni og fagmennsku. Stefnan er nú orðin sú sama og hjá Hard Rock Café: Love all, serve all.**

**Skjálfti**

**Í gær var greint frá því að Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) yrði fengin til að vinna úttekt á viðskiptaháttum útgerða sem stunda veiðar og eiga í viðskiptum með aflaheimildir, þar á meðal í þróunarlöndum. Svo heppilega vill til að meðal stjórnenda FAO er Árni M. Mathiesen sem var einmitt sjávarútvegsráðherra 1999-2005. Það ættu því að vera hæg heimatökin fyrir stofnunina að komast að hinu sanna um viðskiptasiðferði íslenskra útgerðarmanna. Samherjamenn hljóta að skjálfa í hnjánum við tilhugsunina.**

arib@frettabladid.is
sighvatur@frettabladid.is

# Barnasáttmálinn 30 ára



Bergsteinn Jónsson
framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi

Á þrjátíu ára afmæli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í dag fögnum við þeim árangri sem náðst hefur í krafti hans um allan heim í þágu réttinda barna. Þessi útbreiddasti mannréttindasáttmáli heims hefur breytt lífi ótal barna til hins betra þó enn sé brotið gegn réttindum allt of margra, rétti þeirra til heilbrigðisþjónustu, menntunar og verndar gegn ofbeldi, svo fátt eitt sé nefnt.

Í samfélagi þjóða stendur Ísland framarlega þegar kemur að réttindum og velferð barna, þó alltaf megi gera betur. Það voru stigin mikilvæg skref í að gera miklum mun betur í vikunni þegar undirritaður var samstarfssamningur UNICEF á Íslandi og félagsmálaráðuneytisins. Samningurinn getur sannarlega sett Ísland í fremstu röð ríkja sem uppfylla Barnasáttmálann. Undir formerkjunum Barnvænna sveitarfélaga er ætlunin að öll sveitarfélög á Íslandi hafi á næsta áratug hafið markvissa innleiðingu Barnasáttmálans og tileinkað sér barnaréttindanálgun í sínum verkefnum, stefnumótun og ákvörðunum. Þetta er einstakt skref og sannarlega tímamót í réttindamálum barna sem við erum viss um að muni efla samtal af gagnkvæmri virðingu milli kynslóða. Eins og með svo margt hefur Ísland alla burði til að vera í fararbroddi í þessum efnum og öðrum þjóðum fyrirmynd.

Í dag, á Alþjóðadegi barna, mun UNICEF á Íslandi veita fjórum grunnskólum í Vesturbæ Reykjavíkur, auk frístundaheimila og félagsmiðstöðvar, viðurkenningu sem réttindaskólum og réttindafrístundum UNICEF. Grunnforsendur Barnasáttmálans eru því orðnar útgangspunktur allra ákvarðana í metnaðarfullu skóla- og frístundastarfi þar.

Á þessum afmælistímamótum Barnasáttmálans má glæst fortíð þó aldrei skyggja á möguleika framtíðarinnar. Það er í okkar höndum, og þeirra barna sem notið hafa góðs af, að tryggja skuldbindingu komandi kynslóða fyrir áframhaldandi baráttu fyrir þeim réttindum sem sáttmálinn tryggir. Börnin eru framtíðin en svo sannarlega líka nútíðin. Til hamingju með daginn, öllsömul!

**Börnin eru framtíðin en svo sannarlega líka nútíðin.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Mega fyrirtæki vinna að kynjajafnrétti?



Katrín Björg Ríkarðsdóttir
framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu

Markmið þeirra laga sem í daglegu tali eru kölluð jafnréttislög og fjalla um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla er að jafna stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Þrátt fyrir það eru lögin mjög vinnumarkaðsmiðuð og gera þær kröfur til atvinnurekenda og stéttarfélaga að vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Í takti við þá áherslu bera fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa 25 starfsmenn eða fleiri að jafnaði á ársgrundvelli ríkar skyldur fram yfir aðra. Skyldurnar felast í því að setja sér aðgerðabundnar jafnréttisáætlanir sem taka til a) launajafnréttis, b) lausra starfa, starfsþjálfunar, endurmenntunar og símenntunar, c) samræmingar fjölskyldu- og atvinnulífs og d) kynbundins ofbeldis, kynbundinnar áreitni og kynferðislegrar áreitni.

Meðal þess sem tiltekið er sem lagaskylda til að tryggja launajafnrétti er að fyrirtæki og stofnanir öðlist jafnlaunavottun. Allflest þeirra fyrirtækja og stofnana sem nú þegar hafa í framhaldi af jafnlaunavottun fengið heimild til að nota jafnlaunamerki gera það með miklu stolti og nota það gjarna í auglýsingar sínar til þess að gefa til kynna að þar fari fyrirtæki eða stofnun sem taki jafnréttismál alvarlega.

Það að fyrirtæki og stofnanir taki jafnréttismál alvarlega skiptir gríðarlegu máli. Þegar farið er að vinna markvisst að jafnréttismálum opnast gjarna fyrir nýjar hugmyndir og nýjar leiðir til þess að koma jafnrétti á í raun og þá á fleiri sviðum en þeim sem snerta starfsfólk beint. Stefna fyrirtækja og stofnana í jafnréttismálum þarf því ekki eingöngu að ná til þeirra atriða sem jafnréttislög leggja sérstaklega áherslu á.

**Þegar farið er að vinna markvisst að jafnréttismálum opnast gjarna fyrir nýjar hugmyndir og nýjar leiðir til þess að koma jafnrétti á í raun og þá á fleiri sviðum en þeim sem snerta starfsfólk beint.**



Sem dæmi má nefna að nokkur sveitarfélög hérlendis hafa skrifað undir Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla og þar með samþykkt m.a. að þeir aðilar sem ætlunin er að kaupa þjónustu af beri sömu ábyrgð á að tryggja jafna stöðu kynjanna og viðkomandi sveitarfélög hefðu borið sjálf væri þjónustan milliliðalaus.

Einnig er rétt að benda á að í jafnréttislögunum er gert ráð fyrir að fyrirtæki og stofnanir geti gripið til sértækra aðgerða í því skyni að koma á jafnri stöðu kynjanna á ákveðnu sviði þar sem á annað kynið hallar. Það getur þurft tímabundið að veita öðru kyninu forgang til að ná jafnvægi.

Og svo ég svari spurningunni sem varpað er fram í fyrirsögn: Já, fyrirtæki mega og eiga að vinna að kynjajafnrétti. Við þurfum öll að leggjast á árarnar með að vinna að framgangi jafnréttismála samfélaginu til heilla. Jafnrétti snertir okkur öll og saman berum við ábyrgð á að stuðla að því.

# Nei, er svarið



Jón Gunnarsson
þingmaður Sjálfstæðisflokksins

Tækifæri okkar í uppbyggingu verðmætasköpunar, sköpun nýrra og fjölbreyttari starfa í tengslum við öfluga byggðaþróun eru mikil. En stefnu- og aðgerðarleysi okkar í raforkumálum ásamt heimatilbúnum erfiðleikum við uppbyggingu dreifikerfis raforku, gerir það að verkum að fjölmörg tækifæri fara forgörðum eða eiga mjög erfitt uppdráttar.

Áþreifanlegustu tækifærin liggja m.a. í eflingu hefðbundinnar matvælaframleiðslu og nýjunga á því sviði. Þá liggja mikil tækifæri í tengslum við uppbyggingu gagnavera á Íslandi. Það þarf aðallega tvennt til að koma svo að háleitar hugmyndir um uppbyggingu á þessu sviði geti orðið að veruleika þ.e. efling dreifikerfis raforku og aukin framleiðsla rafmagns.

Næstu skref okkar í uppbyggingu verðmætasköpunar eiga að vera á umhverfisvænum forsendum. Græn orkusækin stefna sem miðar að aukinni fjölbreytni í verðmætasköpun, aukið útflutningsverðmæti og fjölbreyttari störf er það sem við eigum að leggja áherslu á.

Það er einnig nauðsynlegt að huga að aukinni vernd á mörgum okkar náttúruperlum og víðerni. En það er mikilvægt að sú stefna taki tillit til þeirra þátta sem hér eru nefndir. Umræðan sem við tökum á þessum vettvangi verður að vera yfirveguð og taka tillit til heildarhagsmuna þjóðarinnar. Þeir felast m.a. í nýtingu auðlinda sem skapa grunn fyrir okkar framtíðarsýn í atvinnumálum. Vandamálið sem við stöndum frammi fyrir í dag er augljóslega það, að ekki er hægt að fylgja eftir þeirri stefnu sem hér hefur verið nefnd, því svar andstæðinga þessara sjónarmiða hvað auðlindanýtingu varðar er jafnan nei.

Við stöndum nú frammi fyrir því að raforkan er ekki til staðar og flutningskerfi raforku er langt frá því að geta stutt við þessa uppbyggingu sem ætti fyrst og fremst að eiga sér stað á landsbyggðinni.

**Við stöndum nú frammi fyrir því að raforkan er ekki til staðar og flutningskerfi raforku er langt frá því að geta stutt við þessa uppbyggingu sem ætti fyrst og fremst að eiga sér stað á landsbyggðinni.**

Það grandaleysi sem ríkt hefur í málaflokknum er í raun árás á landsbyggðina. Þar hefur víðast fækkað tækifærum í hefðbundnum greinum og því verður að skapa ný tækifæri. Regluverk okkar, pólitísk óvissa og ómálefnaleg umræða þvælist fyrir skynseminni. Á meðan blæðir byggðum landsins og fjölmörg tækifæri ganga okkur úr greipum. Við verðum að girða okkur í brók í þessum málaflokki. Það gerist ekki með stofnun hálendisþjóðgarðs sem ekki tekur tillit til annarra þátta.

# Byr í seglin til að bæta frekar réttarstöðu barna



Ásmundur Einar Daðason
félags- og barnamálaráðherra

Þrjátíu ára afmæli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er fagnað í dag. Sáttmála sem gjörbylti réttarstöðu barna um heim allan. Með honum var ekki aðeins samþykkt að börn ættu ákveðin réttindi sem ríki eru skuldbundin til að tryggja heldur einnig að þau eigi sjálf rétt á því að berjast fyrir þeim réttindum og taka þátt í því að móta umhverfi sitt.

Það eru forréttindi að fá að vera barnamálaráðherra á slíkum tímamótum og skynja um leið að heimurinn allur virðist vera að átta sig á þeim krafti og auði sem býr í börnum og ungu fólki og að þau geti verið raunverulegt breytingarafl. Barnasáttmálinn má ekki vera eitthvað sem gripið er í við hátíðleg tilefni eða þegar okkur fullorðna fólkinu hentar heldur á hann að vera raunverulegur áttaviti og leiðarvísir fyrir samfélagið. Til þess að Barnasáttmálinn gegni því hlutverki sem honum er ætlað þurfa börn að njóta þeirra réttinda sem hann kveður á um í sínu nærumhverfi á degi hverjum.

Enn í dag eru börn á Íslandi sem búa við ofbeldi og líða skort. Of mörg börn fá ófullnægjandi aðstoð eða aðstoð sem berst of seint eða ekki yfir höfuð. Þá eru of mörg dæmi þess að börn fái ekki tækifæri til að tjá skoðanir og sömuleiðis of mörg dæmi þess að á raddir þeirra sé ekki hlustað. Þó við getum verið stolt af Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og því sem áunnist hefur á síðustu þrjátíu árum þá eru svo sannarlega áskoranir fram undan. Þessi tímamót, þrjátíu ára afmæli Barnasáttmála SÞ, eiga að gefa okkur byr í seglin til þess að bæta enn frekar stöðu barna á Íslandi og í heiminum öllum. Ég mun svo sannarlega gera mitt besta sem ráðherra barna til þess að tryggja að svo verði.

Til hamingju með daginn öll börn og allir þeir sem eitt sinn voru börn.

# Útboð á heilbrigðisþjónustu



Halla Signý Kristjánsdóttir
þingmaður Framsóknarflokksins

Sjúkratryggingar Íslands hafa ákveðið að fela Ríkiskaupum að bjóða út sjúkraþjálfun á höfuðborgarsvæðinu og er það í samræmi við lög um opinber innkaup sem sett voru samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins 2014. Þessi lög eru mikilvæg því hagkvæm innkaup eru forsenda fyrir góðri nýtingu á almannafé.

En á heilbrigðis- og félagsþjónusta að falla undir þessi lög? Norðurlöndin hafa tekið upp lög um opinber innkaup en þau hafa sett sérstaka umgjörð um heilbrigðis- og félagsþjónustu. Í Noregi t.a.m. er ákvæði í lögum um opinber innkaup og þar fjallað um útboð á heilbrigðis- og félagsþjónustu sem segir að setja skuli í reglugerð reglur um sérstöðu heilbrigðis- og félagsþjónustu. Leggja skal áherslu á fjölbreytni, gæði, samfellu og þátttöku notenda í þjónustunni.

**Heilbrigðis- og félagsþjónustu verður alltaf að nálgast með sérstökum reglum.**

Ég tel það vera skynsamlega nálgun og ættum við sem fámenn þjóð að fara sömu leið. Strax eftir að ný ríkisstjórn tók við völdum var greiðsluþátttökukerfinu breitt þannig að fleirum var gert kleift að nýta sér þjónustu sjúkraþjálfara, sem er mikilvægur þáttur í að bæta virkni og heilsu einstaklinga. Það er líka á stefnuskránni að efla starf á sviði forvarna og lýðheilsu. Heilbrigðis- og félagsþjónusta er viðkvæmur málaflokkur. Þess vegna getum við ekki nálgast hann á sama hátt og jarðgangaverkefni eða aðrar stórar vegaframkvæmdir. Annað á við um vörukaup til heilbrigðisþjónustu. Heilbrigðis- og félagsþjónustu verður alltaf að nálgast með sérstökum reglum.

**Gildi – lífeyrissjóður**
*Sjóðfélaga- og fulltrúaráðsfundur*

*Grand Hótel Reykjavík, miðvikudaginn 20. nóvember kl. 17.00*

**Dagskrá:**
- Staða og starfsemi Gildis
  *Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gildis*
- Samspil ellilífeyris almannatrygginga og lífeyrissjóða
  *Henný Hinz, hagfræðingur ASÍ*
- Nýtt fyrirkomulag við val á stjórnarmönnum og hlutverk fulltrúaráðs
  *Árni Hrafn Gunnarsson, lögfræðingur Gildis*

Fundarstjóri: *Áslaug Hulda Jónsdóttir, stjórnarmaður í Gildi*

Vakin er athygli á að efni fundarins verður þýtt jafnóðum á ensku og texta varpað á skjá

Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs

GILDI
Lífeyrissjóður www.gildi.is





**99**

**mörk hefur Ronaldo skorað fyrir Portúgal. Hann vantar 10 mörk í landsliðsmarkametið.**

**Stórasta stjarna boltans**
Cristiano Ronaldo og félagar í Portúgal eru komnir á EM eftir að hafa náð í öðru sæti í B-riðli. Evrópumeistararnir spiluðu tvo leiki í vikunni og í þeim hlupu tveir bolir inn á til að taka sjálfu með goðinu. Ronaldo kippti sér lítið upp við þetta og rak öryggisverði til baka – tók myndina og hélt áfram leik. Hann skoraði 99. landsliðsmark sitt gegn Lúxemborg og stefnir á að bæta markamet Íranans Ali Daei sem er markahæsti landsliðsmaður sögunnar með 109 mörk.



**Létt yfir Gazza**
Paul Gascoigne og aðrir fyrrverandi leikmenn Englands voru hylltir í hálfleik á viðureign Englands og Svartfjallalands. Það hefur alltaf verið stutt í húmorinn hjá Gazza og hann bauð upp á smá rassaklíp í Jermain Defoe.

# Vallarstuð á EM með forsetum, markavélum og brjáluðum bolum

**Undankeppni EM 2020 lauk í gær. Á undanförnum dögum hefur komið í ljós hverjir fara á mótið og hverjir þurfa að fara í umspilsleiki. Dregið verður í því á föstudag. Hér koma nokkrar stórgóðar myndir beint úr linsu Getty frá vikunni sem var þar sem kennir ýmissa grasa á grasvöllunum um Evrópu.**



**Allir ligeglad**
Danir spiluðu úrslitaleik við Íra á Dublin-vellinum og náðu jafntefli sem dugði þeim til að komast beint á EM. Írar fara í umspilið. Það var létt yfir frændum vorum.

**23**

**mörk skoraði Danmörk í átta leikjum í riðlinum.**



**Burtu með'etta**
Þjóðverjinn Manuel Neuer ver hér skot frá Hvít-Rússum en Þýskaland vann 4-0 leikinn og tryggði sig inn á EM. Í gærkvöldi kom í ljós hvort þýska liðið eða það hollenska ynni riðilinn. Fréttablaðið var farið í prentun þegar leik lauk.



**Heill þér, fyrirliði**
Spánverjar hylltu Sergio Ramos fyrir leikinn gegn Möltu en hann er orðinn leikjahæsti landsliðsmaður Spánar með 169 landsleiki. Spánn fór auðveldlega áfram úr F-riðli.





**Seint koma sumir**
Recep Erdogan mætti of seint á leikinn gegn Íslandi þar sem Tyrkir fóru áfram. Trúlega var forsetinn fastur í umferð en gríðarleg umferðarteppa myndaðist fyrir leikinn. Tyrkir fögnuðu mikið eftir leikinn enda komnir á EM á okkar kostnað. Þó slepptu þeir að hylla hermennina sína en bauluðu á þjóðsönginn okkar – sem var ljótt.



**Vúhú**
Jaroslav Silhavy, þjálfari Tékka, gat fagnað þegar flautað var af gegn Kósovó en Tékkar verða með á EM á næsta ári eins og þeir hafa verið sleitulaust síðan 1996.



**Sæll, gamli**
Harry Kane heilsar hér Mason í aðdraganda leiksins við Svartfjallaland. Mason er á sjúkrahúsi en gat boðið leikmenn velkomna þökk sé þessu tæki sem Eric Abidal, fyrrverandi leikmaður Barcelona, gaf.

KONFEKTÚTGÁFA

NÓI SÍRÍUS

# Síríus Pralín súkkulaði

## MEÐ NÚGGAT & KRISP FYLLINGU




## Himneskt að smakka

Átt þú eftir að smakka nýja Síríus rjómasúkkulaðið með núggat og krisp fyllingu?
Einn af þínum uppáhalds Nóa konfektmolum í ómótstæðilegu súkkulaðistykki.

Nóa Konfekt

cocoa HORIZONS

## Merkisatburðir

**1627** Þrjátíu ára stríðið: Wallenstein hertekur Greifswald.

**1700** Svíar vinna sigur á Rússum í orrustunni við Narva í Eistlandi.

**1763** Vígð er dómkirkja á Hólum í Hjaltadal, sú sem enn stendur þar. Hún var byggð fyrir norskt og danskt gjafafé.

**1772** Tveir bæir á Látraströnd verða fyrir snjóflóði. Fjórir menn fórust og einum manni var bjargað úr flóðinu eftir tíu daga.

**1945** Nürnberg-réttarhöldin hefjast í Þýskalandi.

**1947** Elísabet krónprinsessa af Bretlandi gengur að eiga Filippus prins af Grikklandi.

**1959** Viðreisnarstjórnin tekur við völdum undir forystu Ólafs Thors. Þessi stjórn tók nokkrum breytingum á valdatíma sínum en sat lengur en nokkur önnur stjórn á Íslandi eða í tæp tólf ár.

**1985** Stýrikerfið Windows 1.0 kemur út.



„Hátíðin er margradda og hefur það að markmiði að rúma sem flest," segir framkvæmdastjórinn Viktoría. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Dansinn er fyrir alla

**Danshöfundar í hjólastól sýna verk, pönkband með fólki á sjötugsaldri spilar og Þórdís Zoëga gerir veggverk. Þetta og fleira á Reykjavík Dance Festival sem hefst í dag.**

Danshátíðin Reykjavík Dance Festival hefst í dag og fyrstu tvö verkin verða sýnd. Fyrsta atriðið er dansleikur í Iðnó þar sem dansinum verður fagnað í fjölbreytileika sínum," segir Viktoría Blöndal, verkefnastjóri hátíðarinnar. „Það kemur listatvíeyki frá Þýskalandi sem ætlar að leiða þennan dansleik. Það er að safna danshreyfingum Íslendinga. Þangað er öllum aldurshópum boðið, börnum og upp úr. Hátíðin er margradda og hefur það að markmiði að rúma sem flest."

Viktoría segir aðaldagskrána fara fram í Iðnó og Tjarnarbíói og auk þess verði eitt verk í þremur unglingsherbergjum á jafnmörgum stöðum í Vesturbænum. „Það eru fjórar stúlkur sem halda þá sýningu sjálfar og eru ekki með hefðbundinn dans, heldur verða þar fluttir hinir ýmsu listviðburðir. Þetta er nýjung og þær eru fleiri því það er mjög fjölbreyttur hópur sem tekur þátt hjá okkur í ár. Til dæmis ætla unglingar með fatlanir að sýna gestum uppáhaldsstaðina sína í Reykjavík. Það verk heitir Fegurð í mannlegri sambúð og er bara labbitúr um borgina."

Fleira nefnir Viktoría sem heyrir til tíðinda á danshátíðinni. Svo sem eins og að danshöfundar í hjólastól ætli að sýna verk og pönkband sem skipað er fólki eldra en 65 ára spili á hátíðinni og í þeim hópi sé Tommi á Hamborgarabúllunni. „Bandið heitir Áfram með smjörlíkið," upplýsir hún. „Svo má telja dagbókalestur hjá Möggu Bjarna, Halldóru Geirharðs og Lóu Hlín Hjálmtýsdóttur og að tattúlistamenn gera tattú á gesti og gangandi. Rósa Ómarsdóttir, Steinunn Ketilsdóttir og Dance For Me frumsýna ný verk og allir þessir listamenn eru að ögra aðferðum sviðslistaformsins."

**gun@frettabladid.is**



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Erla Kristjánsdóttir**
frá Vonarlandi í Sogamýri,

lést á hjartadeild Landspítalans
8. nóvember 2019.
Útför hefur farið fram í kyrrþey.

**Svanur Sigurbjörnsson**
**Sigrún Erla Svansdóttir**
**Árni Þórhallsson**
**Þórhallur Árnason**
**Linda Björk Árnadóttir**
**Kveldúlfur Árnason**
**og fjölskyldur.**



Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Hjörtur J. Hjartar**

lést sunnudaginn 17. nóvember.
Útförin fer fram frá Neskirkju,
laugardaginn 23. nóvember kl. 14.00.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á MND-félagið
eða önnur líknarfélög.

**Jakobína Sigtryggsdóttir**
**Sigtryggur Klemenz Hjartar** **Ragnheiður Guðmundsdóttir**
**Ragna Hjartar** **Simon Reher**
**barnabörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma og langalangamma,

**Bergþóra Ólafsdóttir**
frá Háteigi, Garði,

lést á Hrafnistu Nesvöllum,
sunnudaginn 17. nóvember.
Útförin fer fram frá Útskálakirkju,
mánudaginn 25. nóvember kl. 15.00.

**Anna Magnea Björgvinsdóttir** **Jósep Benediktsson**
**Ólafur Björgvinsson**
**Magnús Björgvinsson** **Hulda Matthíasdóttir**
**Inga Jóna Björgvinsdóttir** **Freymóður Jensson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



Við þökkum auðsýnda samúð
vegna andláts móður okkar,
tengdamóður, ömmu, langömmu
og langalangömmu,

**Kristrúnar Kjartansdóttur**
frá Haga, Grímsnesi,
Fossheiði 58, Selfossi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Sólvalla, Eyrarbakka, og séra
Arnaldar Bárðarsonar fyrir einstaka hlýju og umhyggju.

**Ragnhildur Helgadóttir** **Hafliði S. Sveinsson**
**Kjartan Helgason**
**Áslaug Harðardóttir**
**og fjölskyldur.**



Ástkæra dóttir mín, móðir, systir,
amma og langamma,

**Valgerður Bjarney Snorradóttir**

lést á Spáni. Útför hennar fer fram frá
Fossvogskapellu föstudaginn
22. nóvember kl. 13.00.

**Lára Bjarnadóttir**
**Guðrún Júlía Gunnarsdóttir**
**Lilja Gunnarsdóttir**
**Johan Royce Bredin**
**Sigrún Snorradóttir**
**Karl Snorrason**
**Lilja Snorradóttir**
**Róbert Snorrason**
**Tryggvi Snorrason**



Elsku hjartans mamma okkar,
amma, tengdamamma,
langamma og langalangamma,

**Sólveig Guðmundsdóttir**
frá Eyrarhúsum í Tálknafirði,

lést 11. nóvember sl. á Hrafnistu
í Hafnarfirði.
Útför mun fara fram föstudaginn 22. nóvember kl. 13.00
frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði.

**Sigríður Einarsdóttir** **Þórir Úlfarsson**
**Gunnar Einarsson** **Sigríður Erla Guðmundsdóttir**
**Sigurveig Sjöfn Einarsdóttir** **Kristján Sigurðsson**
**Þór Jakob Einarsson** **Margie Sarcilla Rociento**
**Halldóra Einarsdóttir** **Guðmundur Sveinbjörnsson**
**Málfríður Hrund Einarsdóttir**
**ömmubörnin, langömmubörnin og langalangömmubarn.**



Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Þorlákur Tómasson**
Dammi

lést á dvalarheimilinu Hlíð
föstudaginn 15. nóvember.
Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju
mánudaginn 25. nóvember kl. 13.30.

**Snjólaug Jóhannsdóttir**
**Baldvin Þorláksson** **Oktavía Guðmundsdóttir**
**Guðrún Þorláksdóttir** **Ólafur Ólafsson**
**Þuríður (Túrit) Þorláksdóttir** **Stefán Aðalsteinsson**
**Ásta Þorláksdóttir** **Björgvin Ómar Hrafnkelsson**
**María Þorláksdóttir** **Bjarki Haldansen**
**og afabörn.**



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Elísabet Jónsson**
Fjarðargötu 19,
Hafnarfirði,

lést á Hrafnistu Hafnarfirði,
föstudaginn 15. nóvember.
Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn
26. nóvember klukkan 16.00.

**Guðmundur R. Guðmundsson** **Hrafnhildur Ingibergsdóttir**
**Stefán P. Guðmundsson** **Sólrún Ragnarsdóttir**
**Berglind Ósk Guðmundsdóttir** **Oddur Þ. Þorkelsson**
**Lovísa Guðmundsdóttir** **Åge Driveklepp**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 20. nóvember 2019 | 43. tölublað | 13. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



ROLEX
TUDOR
TAG Heuer
LONGINES
NOMOS GLASHÜTTE
TISSOT




Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi

MICHELSEN 1909

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is




# Bílasala minnir á hjartalínurit

Metfjöldi bíla seldist árið 2017 en það sem af er ári er 44 prósenta samdráttur í bílasölu. Friðbert Friðbertsson, forstjóri Heklu, hugðist reisa allt að 400 íbúðir á Heklureitnum en gerir nú ráð fyrir að ekkert verði af áformunum eftir að borgin krafðist félagsíbúða undir kostnaðarverði, skuldbindingar um leiguíbúðir og innviðagjalds. 6

> En það verður ekki af því skafið, þetta er skemmtilegur bransi.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



»2

### Vogabakki kaupir 40 prósent í Múrbúðinni

Viðskiptafélagarnir Árni og Hallbjörn gengu nýlega frá kaupum á Múrbúðinni og eru nú stærstu hluthafar byggingavöruverslunarinnar. Sjóður í stýringu GAMMA seldi hlut sinn. Árni tekinn við sem stjórnarformaður.

»4

### Bankar hækka vaxtaálag á fyrirtækjalánum

Íslandsbanki hefur nýtt ákvæði í lánasamningum við fyrirtæki til að hækka vaxtaálag. Arion tók af skarið fyrr á árinu. Framkvæmdastjóri hjá Íslandsbanka segir bankann hafa þurft að bregðast við lágri arðsemi af undirliggjandi rekstri.

»9

### Kísilverið í samræmi við stefnu Birtu

„Kísilverið á Bakka hefur kannski þá ímynd í huga sumra að vera eldspúandi vond fjárfesting en aftur á móti hafa margir þá framtíðarsýn að sólarsellur verði þáttur í umhverfisvænni orkuframleiðslu," segir Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs.


Leica EYECARE



Byltingarkennd nýjung í margskiptum glerjum

50–65% stærra lessvæði

Optical Studio

SMÁRALIND • HAFNARTORG • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

# Anda léttar eftir dóm Landsréttar um lögmæti arðgreiðslna fyrirtækja

Nýfallinn dómur Landsréttar um lögmæti arðgreiðslna úr fyrirtækjasamstæðu veldur því að Ríkisskattstjóri mun ekki geta tekið til endurskoðunar ýmsar arðgreiðslur fyrirtækja sem höfðu beitt slíkri aðferð um árabil.

„Hefði dómurinn fallið Ríkisskattstjóra í vil þá hefði embættið væntanlega haft heimild til að endurskoða ýmsar arðgreiðslur sem hafa átt sér stað úr samstæðum fyrir árið 2016 og hugsanlega krefjast tekjuskatts af slíkum greiðslum í stað þess fjármagnstekjuskatts sem greiddur var,“ segir Guðmundur Ingvi Sigurðsson, lögmaður International Seafood Holding.

Í málinu var felldur úr gildi úrskurður Ríkisskattstjóra sem héraðsdómur hafði staðfest. Málið varðaði það hvort arðgreiðsla til International Seafood Holding í Lúxemborg, sem var móðurfélag Iceland Seafood International, af óráðstöfuðu eigin fé sem myndast hafði á grundvelli hlutdeildar í jákvæðri afkomu dótturfélaga sinna, væri lögmæt úthlutun fjármuna úr félaginu. Taldi Ríkisskattstjóri að arðgreiðslan væri ólögmæt þar sem arðurinn hefði byggst á afkomu dótturfélags en ekki móðurfélagsins og hafnaði kröfu um endurgreiðslu á afdráttarskatti af arðinum sem félagið átti rétt á samkvæmt tvísköttunarsamningi milli Íslands og Lúxemborgar. Úrskurður Ríkisskattstjóra var kærður til héraðsdóms sem staðfesti úrskurðinn en Landsréttur hefur nú snúið dómi héraðsdóms við.

„Þetta kom okkur spánskt fyrir sjónir vegna þess að það var engin lagaheimild fyrir þessari túlkun. Dómur Landsréttar tekur undir það og er jafnframt skýr um það að í breytingarlögunum sem tóku gildi

> **Fjöldinn allur af félögum hafði greitt arð á þessum grundvelli fram til ársins 2016 og önnur niðurstaða hefði sett skattskil þeirra í ákveðið uppnám.**
>
> Guðmundur Ingvi Sigurðsson, lögmaður hjá LEX



árið 2016 hafi ekki falist lögfesting á eldri reglu um að hlutdeildartekjur skyldu færast sem bundið eigið fé í ársreikningi móðurfélags, heldur fólst í þeim innleiðing á nýrri lagareglu á grundvelli Evróputilskipunar. Slík afturvirk beiting breytingarlaganna hefði auk þess falið í sér brot gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar. Fjöldinn allur af félögum hafði greitt arð á þessum grundvelli fram til ársins 2016 og önnur niðurstaða hefði augljóslega sett skattskil þeirra í ákveðið uppnám,“ segir Guðmundur.

Ríkisskattstjóri mun hafa verið í biðstöðu á meðan málið var til meðferðar í dómskerfinu samkvæmt heimildum Markaðarins. Taldi Ríkisskattstjóri að dómur Landsréttar hefði fordæmisgildi og embættið var því með mörg mál í pípunum. Hins vegar voru skiptar skoðanir á meðal stjórnenda hjá Ríkisskattstjóra um úrskurð embættisins í málinu og töldu jafnvel sumir að niðurstaða héraðsdóms hefði verið röng. Dómur Landsréttar var kveðinn upp 8. nóvember og hefur Ríkisskattstjóri mánuð frá dómsuppkvaðningu til að óska eftir áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar. **– þfh**

MARKAÐURINN

**ÚTGÁFUFÉLAG Torg.**, Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang **hordur@frettabladid.is** | Sími **550 5051**

Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**

Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is

RAFMÓTORAR



SCANVER EHF 588 80 40 www.scanver.is

GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR




Múrbúðin starfrækir byggingavöruverslanir í Reykjavík, Reykjanesbæ og í Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Vogabakki kaupir 40 prósent í Múrbúðinni

**Viðskiptafélagarnir Árni og Hallbjörn gengu nýlega frá kaupum í Múrbúðinni og eru nú stærstu hluthafar byggingavöruverslunarinnar. Sjóður í stýringu GAMMA seldi meðal annars hlut sinn. Árni tekinn við sem stjórnarformaður.**

Fjárfestingarfélagið Vogabakki, sem er í eigu viðskiptafélaganna Árna Haukssonar og Hallbjörns Karlssonar, hefur gengið frá kaupum á um 40 prósenta hlut í Múrbúðinni. Er félagið eftir viðskiptin stærsti einstaki hluthafi Múrbúðarinnar sem starfrækir þrjár verslanir í Reykjavík, Reykjanesbæ og í Hafnarfirði.

Í samtali við Markaðinn staðfestir Árni kaupin en hann hefur jafnframt tekið við sem stjórnarformaður byggingavöruverslunarinnar. Á meðal seljenda var fagfjárfestasjóðurinn GAMMA: EQ1 sem er í stýringu GAMMA, dótturfélags Kviku banka, en sjóðurinn átti tæplega 26 prósenta hlut í Múrbúðinni.

Samtals námu tekjur félagsins tæplega 940 milljónum króna í fyrra og minnkuðu um 23 milljónir frá árinu 2017. Hagnaður Múrbúðarinnar nam um 58 milljónum króna og hélst nánast óbreyttur á milli ára. Eigið fé fyrirtækisins var 188 milljónir í árslok 2018 og arðsemi eigin fjár á síðasta ári var því rúmlega 30 prósent. Eiginfjárhlutfall félagsins var um 43 prósent.

> **940**
> **milljónir króna var velta Múrbúðarinnar í fyrra.**

Árni og Hallbjörn voru á sínum tíma aðaleigendur Húsasmiðjunnar, sem þá var stærsta byggingavöruverslun landsins, en seldu meirihluta sinn í fyrirtækinu árið 2005.

Múrbúðin var stofnuð af Baldri Björnssyni og eiginkonu hans árið 2002 en hópur fjárfesta, undir forystu Páls Ólafssonar, fyrrverandi fjármálastjóra Coast í Bretlandi og starfsmanns Kaupþings um árabil, keypti 65 prósenta hlut í fyrirtækinu 2016 af Baldri. Árið síðar seldi Baldur jafnframt 35 prósenta hlut sinn í Múrbúðinni.

Auk Vogabakka eru aðrir helstu hluthafar Múrbúðarinnar, í gegnum eignarhaldsfélagið MBFK, meðal annars félagið Vindhamar, sem er í eigu Kára Guðjóns Hallgrímssonar, stjórnanda á skuldabréfasviði fjárfestingarbankans JP Morgan í London, en það á rúmlega 22 prósenta hlut. Kári fjárfesti fyrr á þessu ári í fjárfestingarfélaginu Stoðum auk þess sem hann er hluthafi í hátæknifyrirtækinu Völku ásamt meðal annars þeim Árna og Hallbirni.

Þá eiga þeir Jóhann Pétur Reyndal, fyrrverandi starfsmaður slitastjórnar Kaupþings og stjórnarmaður í Múrbúðinni, og Páll, sem er í jafnri eigu Árna og Hallbjörns, hagnaðist um 415 þúsund evrur í fyrra, jafnvirði 56 milljóna króna, borið saman við hagnað upp á rúmlega 2,2 milljónir evra á árinu 2017. Heildareignir félagsins námu 29 milljónum evra í árslok 2018 og eigið fé Vogabakka var um 24 milljónir evra. Eignir félagsins samanstanda einkum af eignarhlutum í öðrum félögum, sem eru bókfærðar á 18,7 milljónir evra, en þar munar langsamlega mest um skráð erlend hlutabréf að fjárhæð tæplega 14,8 milljónir evra. **hordur@frettabladid.is**

# Hikandi við að leggja Play til hlutafé

Erfiðlega hefur gengið að fá innlenda fjárfesta til að leggja lággjaldaflugfélaginu Play til samtals tólf milljónir evra, jafnvirði um 1.700 milljóna króna, í hlutafé en Íslensk verðbréf (ÍV) hafa á síðustu vikum biðlað til fjárfesta um að koma að fjármögnun félagsins. Hlutabréfaverð Icelandair hækkaði um tíu prósent í nærri 350 milljóna króna veltu í Kauphöllinni í gær og samkvæmt viðmælendum á fjármálamarkaði er sú hækkun rakin til þess að óvissa ríkir um hlutafjársöfnun Play en ekki hafa fengist staðfestar upplýsingar um fjárfesta sem hafi skuldbundið sig til að taka þátt í útboðinu.

Forsvarsmenn ÍV hafa kynnt fjárfestinguna fyrir fjölmörgum einkafjárfestum, fyrirtækjum, einkum sem starfa í ferðaþjónustu, og sjóðastýringarfélögum og hefur verið

> **10%**
> **hækkun var á hlutabréfaverði Icelandair í gær.**

gert ráð fyrir þeir muni eignast 50 prósenta hlut í Play á móti stofnendum og öðrum starfsmönnum félagsins.

Samkvæmt heimildum Markaðarins hafa fjárfestar sett sig upp á móti því að stofnendur Play eignist svo stóran hlut í flugfélaginu og þá hafa þeir sett spurningarmerki við flugrekstrarreynslu stjórnendateymisins. Viðskiptaáætlanir félagsins, sem gera meðal annars ráð fyrir því að Play verði strax farið að skila um 70 milljóna hagnaði á fyrsta fjórðungi næsta árs, þykja helst til bjartsýnar og þá hafa fjárfestar kallað eftir því að fenginn verði kjölfestueigandi að flugfélaginu í hlutafjárútboðinu.

Stjórnendur Play hafa sagt að félagið hafi tryggt sér 40 milljóna evra lánsfjármögnun frá breska sjóðnum Athene Capital sem hefur sömuleiðis kauprétt að tíu prósenta hlut í Play. Til tryggingar þarf Play að vera með átta milljónir evra í reiðufé sem veð fyrir láninu sem ber átta prósent vexti. Í fjárfestakynningu ÍV segir að lánsfjármögnunin virkist þegar hlutafjárins hafi verið aflað en í viðtali við ViðskiptaMoggann í síðustu viku sagði Arnar Már Magnússon, forstjóri Play, að flugfélagið „þyrfti ekki 12 milljónirnar til þess að tryggja þessar 40 milljónir“. **– hae**



# Stórsókn til framtíðar

## Tækni- og hugverkaþing SI 2019

### Í Norðurljósum í Hörpu fimmtudaginn 28. nóvember kl. 16

Atvinnugreinar sem byggja á tækni og hugviti hafa ótakmarkaða möguleika á að vaxa. Á Tækni- og hugverkaþingi SI sem haldið verður í Norðurljósum í Hörpu fimmtudaginn 28. nóvember kl. 16 verður ljósi varpað á stöðu hugverkaiðnaðar á Íslandi og kynntar fjölbreyttar greinar hugverkaiðnaðarins og tækifæri til framtíðar.



**Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir**
ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

Á þinginu kynnir nýsköpunarráðherra aðgerðir í þágu nýsköpunarumhverfisins sem koma í framhaldi af nýsköpunarstefnu fyrir Ísland sem kynnt var í haust.



**Guðrún Hafsteinsdóttir**
formaður SI



**Sigurður Hannesson**
framkvæmdastjóri SI



**Hilmar Veigar Pétursson**
forstjóri CCP



**Valgerður Halldórsdóttir**
stjórnarmaður í Sagafilm



**Gísli Kr. Katrínarson**
framkvæmdastjóri
hjá Advania Data Centers



**Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir**
framkvæmdastjóri Marel á Íslandi



**Soffía Kristín Þórðardóttir**
forstöðumaður hjá Origo



**Tryggvi Hjaltason**
formaður Hugverkaráðs



**Hilmar Bragi Janusson**
forstjóri Genís



**Ingólfur Vignir Ævarsson**
markaðsstjóri 1939 Games



**Sigríður Mogensen**
sviðsstjóri hugverkasviðs SI

Boðið verður upp á léttar veitingar að þingi loknu.

**Skráning á www.si.is**

25 ára 1994 2019
SI Samtök iðnaðarins

# Hækka vaxtaálagið á fyrirtækjalánum

**Íslandsbanki hefur nýtt ákvæði í lánasamningum til að hækka vaxtaálag. Arion tók af skarið fyrr á árinu. Framkvæmdastjóri FA segir hækkanirnar nema allt að heilu prósentustigi. Fjármálastjóri Íslandsbanka segir að bregðast þurfi við lágri arðsemi af rekstri.**

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Íslandsbanki hefur fylgt í fótspor Arion banka með því að nýta ákvæði í lánasamningum við fyrirtæki til þess að hækka vexti. Framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda segir dæmi um að vaxtahækkunin nemi heilu prósentustigi. Framkvæmdastjóri fjármála hjá Íslandsbanka segir að bankinn hafi þurft að bregðast við lágri arðsemi.

Mörg fyrirtæki eru með ákvæði í lánasamningum sínum við bankastofnanir um vaxtabreytingardaga með ákveðnu millibili. Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, segir að fyrirtæki innan raða félagsins hafi upp á síðkastið þurft að sætta sig við hækkun vaxta á lánum af hálfu Íslandsbanka. Hann hafi heyrt dæmi um að vaxtaálag ofan á Reibor-vexti hafi hækkað um allt að 1 prósentustig á lánum sem báru vaxtaálag á bilinu 1,2 til 1,5 prósentustig fyrir breytinguna. Hækkunin sé því býsna drjúg.

„Við höfum fengið ábendingar um að bankinn hafi verið að hækka vaxtaálagið nokkuð duglega, jafnvel hátt í tvöfalt. Þetta er alls ekki eitthvað sem fyrirtæki þurfa á að halda þegar hægt hefur á efnahagsumsvifum og allur kostnaður er á uppleið. Og þetta er óneitanlega svolítið öfugsnúið vegna þess að atvinnurekendur höfðu talið að þeir myndu njóta vaxtalækkana Seðlabankans,“ segir Ólafur. Um sé að ræða minni og meðalstór fyrirtæki en í samskiptum við þau hafi Íslandsbanki borið fyrir sig bankaskattinn og háar lausa- og eiginfjárkröfur Fjármálaeftirlitsins.

„Menn eru hugsi yfir þessu, sérstaklega nú þegar stefnir í að Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið verði ein og sama stofnunin. Þá er spurning, út frá hagstjórnarsjónarmiðum, hvort mismunandi hlutar sömu stofnunar tali saman eða hvort stýrivextirnir sem hagstjórnartæki eigi að virka til þess að örva atvinnulífið á meðan önnur tæki bankans virki í hina áttina,“ segir Ólafur.

Arion banki tók af skarið fyrr á árinu þegar bankinn ákvað að byrja að nýta sér ákvæði um vaxtabreytingardaga til þess að hækka vexti fyrirtækjalána. Í sumum tilfellum hækkaði vaxtaálagið um og yfir tvö prósentustig, samkvæmt heimildum Markaðarins.



Fyrirtæki eru með ákvæði í lánasamningum sínum um vaxtabreytingardaga með ákveðnu millibili. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Þetta er óneitanlega svolítið öfugsnúið vegna þess að atvinnurekendur höfðu talið að þeir myndu njóta vaxtalækkana Seðlabankans.**
>
> Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA



Jón Guðni Ómarsson, framkvæmdastjóri fjármála hjá Íslandsbanka, segir að þegar komi að endurskoðun vaxtaálags þurfi að meta stöðuna hverju sinni. Vaxtakjör séu heldur að hækka en það sé mjög breytilegt eftir fyrirtækjum. Breyting á vaxtakjörum velti til að mynda á áhættu í rekstri lántaka og öðrum þáttum.

„Það sem við þurfum að taka með í reikninginn er að á síðustu 12 mánuðum hefur komið í ljós að undirliggjandi arðsemi bankanna er langt undir því sem eðlilegt telst. Ef við horfum lengra aftur í tímann var arðsemi bankanna ansi góð á tímabili en það mátti rekja til þess að bankarnir voru að færa upp virði lánasafna. Þetta voru einskiptisliðir og það má segja að þeir hafi hulið það að undirliggjandi rekstur bankanna var ekki sérstaklega arðbær,“ segir Jón Guðni.

> **Á síðustu 12 mánuðum hefur komið í ljós að undirliggjandi arðsemi bankanna er langt undir því sem eðlilegt telst.**
>
> Jón Guðni Ómarsson, framkvæmdastjóri fjármála hjá Íslandsbanka



Hann bendir á að arðsemi íslensku bankanna sé töluvert undir arðsemi banka í mörgum nágrannalöndum. Arðsemi Íslandsbanka sé til að mynda í kringum 5 prósent samanborið við 10-15 prósent hjá norrænum bönkum. Þá vísar hann til þess að matsfyrirtækið S&P hafi síðasta sumar sett alla íslensku bankana á svokallaða neikvæða vakt vegna arðsemi þeirra. Matsfyrirtækið horfi til þess að þegar arðsemi er mjög lág sé minna borð fyrir báru ef til áfalla kemur.

„Þetta er eitthvað sem við þurfum að bregðast við og í einhverjum tilvikum leiðir það til þess að vaxtaálag á útlánum hækkar,“ segir Jón Guðni.

Á heildina litið hafa ný útlán íslensku bankanna til fyrirtækja dregist töluvert saman á milli ára. Nettó ný útlán til fyrirtækja miðað við síðustu sex mánuði á undan námu um 150 milljörðum í ágúst á síðasta ári en í sama mánuði í ár nam upphæðin tæplega 70 milljörðum.

Finnur Árnason, forstjóri Haga, sagði í samtali við Fréttablaðið í síðustu viku að skert samkeppnishæfni bankanna gæti bitnað verulega á fyrirtækjum sem hafa ekki aðra fjármögnunarkosti en bankalán. Hann óttaðist að fyrirtæki sem ætla að endurfjármagna sig á næstunni gætu lent á vegg þar sem kjörin yrðu ekki æskileg miðað við lækkun stýrivaxta.

### Vaxtaálag á útlánum þyrfti að tvöfaldast

Stjórnendur Arion banka telja að arðsemi af fyrirtækjaútlánum bankans sé ekki ásættanleg og er stefnt að því að hún verði yfir tíu prósent. Eins og greint var frá í Markaðinum í síðustu viku stefnir Arion banki að því að minnka lánasafn bankans til fyrirtækja um 20 prósent fyrir árslok 2020 en útlánasafn bankans til fyrirtækja hefur dregist saman um tæplega sjö prósent á fyrstu þremur fjórðungum ársins.

Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka, sagði í viðtali við Markaðinn í haust þær breytingar sem hefðu orðið á regluverki og sköttum á fjármálafyrirtæki á síðasta áratug hafa leitt til þess að vaxtaálag á útlánum til fyrirtækja þyrfti að ríflega tvöfaldast ef bankinn ætlaði að ná sömu arðsemi og fyrir breytingarnar.

# Telur hættu á að ekki sé horft til heildarinnar



**Marinó Örn Tryggvason, forstjóri Kviku.**

Capacent metur hlutabréf Kviku banka á 12,4 krónur á hlut. Að teknu tilliti til hlutafjáraukningar á næstu þremur árum vegna kaupauka starfsmanna er verðmatsgengið 11,3 krónur á hlut. Við lokun markaðar í gær var gengið 10,55 og því er verðmatið 17,5 prósent yfir markaðsgengi.

„Sjálfstæði hverrar rekstrareiningar [Kviku] er mikið og kröfur um arðbærni rekstrar er mikill,“ segir í greiningu Capacent sem Markaðurinn hefur undir höndum.

„Tekjur starfsmanna eru tengdar afkomu sviða og því hætta á að ekki sé horft nægilega til framtíðar og til verkefna sem hafa jákvæð áhrif á heildarhagsmuni bankans. Hagmunir einstakra sviða geta því þvælst fyrir heildarhagsmunum bankans. Innanhússpólitík getur skapað vandamál í fyrirtækjum sem eru samsett úr mörgum smærri einingum,“ segir Capacent. Kvika byggir á samruna MP-banka, Straumi, Virðingar, Öldu-sjóðum og Gamma.

Kvika er ekki alhliða banki heldur býður þjónustu þar sem ábatinn er mestur og nýtir með þeim hætti veikleika stóru viðskiptabankanna, segir í verðmatinu. „Ýmis þjónusta hefur verið frí hjá bönkunum eða undirverðlögð á meðan verð annarrar þjónustu er hátt.“

Greinendur Capacent segja að stóru bankarnir eigi erfitt um vik að keppa við Auði, innlánsreikninga Kviku. „Bankarnir geta ekki hækkað innlánsvexti án þess að vaxtamunur þeirra lækki sem dregur úr arðsemi þar sem vaxtamunur bankanna er notaður til að greiða niður annan fastan kostnað,“ og benda á að vaxtamunurinn sé hins vegar hrein viðbót við hagnað Kviku þar sem vaxtamunurinn stendur ekki undir öðrum kostnaði. – hvj

# Kara Connect tryggir sér 160 milljónir

Íslenska nýsköpunarfyrirtækið Kara Connect hefur lokið 160 milljóna króna fjármögnun með aðkomu Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og tveggja sænskra einkafjárfesta. Sjóðurinn mun eignast 10 prósenta hlut í félaginu.

„Fjármögnun með aðkomu þessara sterku fjárfesta skiptir miklu máli fyrir félagið og gefur frábært teymi tækifæri til að stækka, sérstaklega í sölu- og markaðsmálum, samhliða vexti í Danmörku. Íslenski markaðurinn hefur tekið hratt við sér og mörg spennandi og framsýn verkefni grundvölluð á kerfi Köru verða brátt sýnileg,“ segir Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, framkvæmdastjóri og stofnandi Kara Connect.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins kemur inn sem nýr fjárfestir og eignast sem fyrr segir 10 prósenta hlut í félaginu. Allir fyrri fjárfestar taka einnig þátt og auk þess bætast við nýir sænskir fjárfestar, félögin Poleved Industrial Performance AB og Skogsliden Finance AB.

Kara Connect er örugg stafræn vinnustöð sem gerir sérfræðingum í heilbrigðis,- velferðar- og menntageiranum kleift að veita skjólstæðingum þjónustu og straumlínulaga rekstur sinn. Hátt í 700 sérfræðingar nýta sér Köru en með hugbúnaðinum geta þeir skráð og byggt yfirlit um hefðbundna fundi, fjarfundi og spjallfundi. Tugþúsundir fjarfunda hafa nú þegar farið fram. Heildarfjöldi notenda hefur meira en tvöfaldast frá áramótum og nemur hann nú yfir 4.300. Á meðal viðskiptavina Kara Connect eru SÁÁ, Óðinsvé í Danmörku og Kvíðameðferðarstöðin.



**Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, framkvæmdastjóri Kara Connect.**

Um er að ræða aðra fjármögnun félagsins en vorið 2018 fjárfesti Crowberry Capital í Kara Connect fyrir um 180 milljónir króna. Það gerði fyrirtækinu kleift að einbeita sér að þróun hugbúnaðarins með öryggismál að leiðarljósi. Kara er eini íslenski hugbúnaðurinn fyrir sérfræðinga sem er samþykktur af Landlæknisembættinu þegar litið er til gagnavistunar og fjarfundasamskipta við skjólstæðinga.

Huld Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, tekur sæti í stjórn félagsins ásamt Patrick de Muynck fyrir hönd sænsku fjárfestanna. Aðrir í stjórn félagsins eru Halldór Bjarkar Lúðvígsson, framkvæmdastjóri SMB Solutions, sem er jafnframt formaður stjórnar, Jenný Hrafnsdóttir, meðstofnandi Crowberry Capital, og Ari Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík. – þfh

# VOLVO XC JEPPARNIR. ENDURHLAÐNIR.

Volvo hefur sett metnaðarfull markmið fyrir framtíðina. Framvegis verður lögð sama áhersla að vernda umhverfið og fólkið í bílunum. Minnkun kolefnislosunar er þar efst á lista og mun rafmagnið spila þar stærstan sess sem orkugjafi framtíðarinnar. Öll XC jeppalína Volvo er nú fáanleg í tengiltvinn útgáfu (PHEV) með tilkomu Volvo XC-40 tengiltvinn bílsins. Forsalan á honum er þegar hafin.

**Veldu þinn Volvo XC jeppa**



## VOLVO XC40

XC40 AWD D4 dísil
Verð frá: 6.590.000 kr.
Til afhendingar strax

XC40 T5 FWD PHEV bensín/rafmagn (tengiltvinn)
Forsala verð frá aðeins: 5.190.000 kr.
– Tryggðu þér eintak!

## VOLVO XC60 AWD

XC60 T8 PHEV bensín/rafmagn (tengiltvinn)
Verð frá: 8.590.000 kr.
Til afhendingar strax

XC60 B5 mHEV mild hybrid dísil
Verð frá: 8.290.000 kr.
Til afhendingar strax

## NÝR VOLVO XC90 AWD

XC90 T8 PHEV bensín/rafmagn (tengiltvinn)
Verð frá: 10.590.000 kr.
Til afhendingar strax

XC90 B5 mHEV mild hybrid dísil
Verð frá: 9.590.000 kr.
Til afhendingar strax

**Skoðaðu þessa og alla aðra Volvo bíla sem til eru á lager og í pöntun í vefsýningarsal Brimborgar á brimborg.is**

brimborg

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfði 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

volvocars.is



Friðbert segir að gefa þurfi tengiltvinnbílunum meiri tíma til að ná útbreiðslu. Þróunin verði væntanlega sú að margir sem kaupi tengiltvinnbíla og eru ánægðir muni næst festa kaup á rafmagnsbíl.

# Getum farið hratt í rafbílavæðingu

**Forstjóri Heklu hefur komið víða við og kynnti forsvarsmönnum Bauhaus viðskiptaáætlun um að opna byggingavöruverslun hér á landi. Hann segir misráðið af stjórnvöldum að afnema afslátt af opinberum gjöldum á tengiltvinnbíla á næsta ári og rafmagnsbíla árið 2023. Reynslan erlendis sýni að þar sem stuðningur ríkisins hefur verið dreginn til baka dregur verulega úr sölu umhverfisvænna bíla.**


Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is

Friðbert Friðbertsson, forstjóri Heklu, er áhugasamur um áframhaldandi rafmagnsvæðingu bílaflota landsmanna. „Draumurinn er að Íslendingar standi Norðmönnum framar á þessu sviði. Rafmagn er framleitt með umhverfisvænum hætti hér á landi og því er það rökrétt að taka þessari tækniþróun opnum örmum,“ segir hann en nefnir að þeir sem ætli sér að vera sérstaklega umhverfisvænir ökumenn ættu að aka um á metanknúnum bílum.

„Því meira sem metanbíll er keyrður, því umhverfisvænni er hann. Þetta hljómar eins og þverstæða en staðreynd málsins er að metan er 20 sinnum eitraðri gróðurhúsalofttegund en koltvísýringur. Með akstrinum er verið að eyða óæskilegri lofttegund,“ segir hann.

### Keypti árið 2011

Eftir að Friðbert settist í forstjórastól Heklu árið 2011 í kjölfar kaupa á helmings hlut í fyrirtækinu hefur hann haft í nógu að snúast. Má þar nefna að hann fékk til liðs við sig fyrirtækið Semler sem er innflytjandi vörumerkja Volkswagen í Danmörku þegar fjármagnshöft voru enn við lýði. Hekla hefur frá árinu 1962 verið við Laugaveginn en áform hafa verið uppi um að flytja starfsemina á nýjan stað. Þrátt fyrir að hafa átt samtal við Reykjavíkurborg árum saman hefur þetta ekki gengið eftir og gerir Friðbert nú ráð fyrir að fyrirtækið verði áfram við Laugaveg.

Enn fremur hefur landslagið í bílasölu verið krefjandi. Sala nýrra bíla fór mun hægar af stað en gert var ráð fyrir við kaup á fyrirtækinu, sem er orðið 86 ára, en metfjöldi bíla seldist árið 2017. Að undanförnu hefur verið skarpur samdráttur í sölu. „Línurit yfir selda bíla á Íslandi minnir oft á hjartalínurit hjá hjartveikum manni. En það verður ekki af því skafið, þetta er skemmtilegur bransi,“ segir hann.

### Colca-Cola og Bauhaus

*Hvernig hófst viðskiptaferill þinn?*

„Ég lærði vörustjórnunarfræði í University of Wales í Bretlandi. Ég réð mig skömmu síðar til Vífilfells og starfaði þar í sjö ár, síðast sem framkvæmdastjóri rekstrarsviðs. Þaðan lá leiðin til Coca-Cola Company, fyrst í Noregi og síðan í Mið- og Austur-Evrópu með aðsetur í Vínarborg. Ég bjó þar í fjögur ár og var einkum í verkefnum sem tengdust vörustjórnun, innkaupum og framleiðslustýringu.

Árið 2002 flutti ég til Íslands og kom að ýmsum verkefnum, var til dæmis framkvæmdastjóri hjá Kaupási um skeið. Við Björn Gunnlaugsson fengum þá flugu í höfuðið að gera viðskiptaáætlun fyrir Bauhaus sem þá var ekki með starfsemi á Íslandi. Við kynntum hana fyrir forsvarsmönnum félagsins ytra og þannig fór sá bolti að rúlla að þýska fyrirtækið opnaði byggingavöruverslun hér á landi. Það var lærdómsríkt og skemmtilegt verkefni.

Ég tók enn fremur þátt í fasteignaþróunarverkefnum í Þýskalandi og á Íslandi, má nefna Lund í Kópavogi í því samhengi.

Í kjölfar bankahrunsins leysti Arion banki Heklu til sín og býður

**Nýskráning fólksbifreiða til einstaklinga og fyrirtækja**




> **Ég bý að því að hafa starfað hjá alþjóðlegu markaðsdrifnu stórfyrirtæki sem Coca-Cola er. Í þeim störfum hef ég fengið tækifæri til að kynnast því afli og langtíma hugsun sem þarf til að byggja upp rekstur og vörumerki til lengri tíma.**

# Fólk

Heimili

MIÐVIKUDAGUR 20. NÓVEMBER 2019



Elín Bríta Sigvaldadóttir er fjölhæf og hefur í nógu að snúast um þessar mundir, en hún opnaði nýlega búð ásamt fleiri konum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Settu upp verslun á tæpum tveimur vikum

Elín Bríta Sigvaldadóttir býr ásamt manni sínum og tveimur sonum í fallegu og mikið uppgerðu húsi á Seltjarnarnesi. Þá opnaði Elín, sem er vöruhönnuður, nýverið verslunina Sambúðin sem hún setti upp á skömmum tíma. →2

DAG HVERN LESA 96.000 ÍSLENDINGAR FRÉTTABLAÐIÐ AÐ MEÐALTALI

FRÉTTABLAÐIÐ - MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is



Framhald af forsíðu ➾

Ég er vöruhönnuður og eigandi vefverslunarinnar lauuf.com, ásamt því að reka nýopnaða verslun, Sambúðina, í Sundaborg 1 ásamt nokkrum góðum konum," segir Elín Bríta. „Eiginmaðurinn minn, James Dickie, er framendavefhönnuður hjá Ueno og við búum hér með strákunum okkar tveim þeim Nóel, fimm ára, og Leon, tveggja."

## Fjölþætt verkefni

„Ég útskrifast sem vöruhönnuður árið 2013 frá Listaháskóla Íslands og hef síðan þá starfað við innanhússhönnun, blaðamennsku og tekið að mér fjölbreytt hönnunarverkefni. Árið 2016 fluttumst við fjölskyldan til Brooklyn þar sem ég var í starfsnámi hjá skartgripahönnuði ásamt því að innrétta skrifstofur."

Það var þá sem Elín fékk þá hugmynd að stofna eigið fyrirtæki. „Þegar við bjuggum úti kynntist ég fullt af skemmtilegum hönnuðum og smærri stúdíóum sem voru að skapa áhugaverða hluti. Í kjölfarið kom upp sú hugmynd að flytja þessar fallegu vörur til Íslands og stofna vefverslun, en á Lauuf.com seljum við mestmegnis hluti sem fæst ekki í öðrum verslunum hér á landi."

## Draumahúsið

„Árið 2012 keyptum við dásamlega íbúð á Kvisthaga í Vesturbænum, þaðan fluttum við til Brooklyn í New York og svo aftur heim til Íslands um ári seinna, snemma 2017. Þegar yngri strákurinn okkar var tæplega eins árs fórum við að líta í kringum okkur og sjá hvað væri í boði og við duttum niður á æðislegt raðhús á Seltjarnarnesi sem þurfti smá ást, en hingað fluttum við síðla árs 2018.

Húsið er teiknað af Kjartani Sveinssyni árið 1970 og okkur þykir það mjög fallegt. Okkur þótti heillandi að húsið þyrfti aðeins að taka í gegn, en það þýddi að við gátum betur gert það okkar eigið. Svo slær auðvitað ekkert útsýninu við."

Þau hafa staðið í töluverðum framkvæmdum. „Áður en við fluttum inn tókum við bæði baðherbergið og eldhúsið í gegn og erum komin hálfa leið með að gera upp svalirnar framan og aftan við húsið. Það er ennþá margt sem á eftir að gera; innkeyrslan og aðkoman að húsinu, þvottahúsið, garðurinn/pallurinn, skipta um gólfefni á neðri hæðinni, nokkrir gluggar sem þurfa að fara ásamt því að mála og sprungufylla húsið að utan. Við erum þó ekki á leiðinni neitt og þetta er framtíðarheimilið, svo það þarf ekki allt að gerast strax."

Það gekk á ýmsu. „Við reyndum að skipuleggja eins mikið og við gátum áður en við fengum afhent og fengum að koma við hjá fyrrverandi eigendum að mæla og taka myndir. Tíminn sem við höfðum til að taka bæði eldhúsið og baðið í gegn var mjög knappur, eða tæpur mánuður, og svo voru strákarnir líka í sumarfríi þennan mánuð sem gerði þetta extra strembið. Við reyndum að bóka alla iðnaðarmenn með góðum fyrirvara og vorum dugleg að hringja í þá reglulega að minna á okkur."



Eldhúsið er bjart og vönduð borðplatan nýtur sín. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> „Við vildum halda hlutunum einföldum, þá bæði svo að vörurnar fái að njóta sín og vegna þess að tíminn til að græja rýmið var naumur.

## Listaverk og náttúran

„Nútímalegur og afslappaður seventís stíll í anda byggingartíma hússins," svarar Elín þegar hún er beðin um að lýsa andrúmsloftinu á heimilinu. Hún segir að efst á óskalistanum fyrir heimilið sé listaverk. „Verk eftir myndlistarmanninn Leif Ými Eyjólfsson, en sýningin hans „Handrit III" stendur yfir í Listamönnum Galleríi á Skúlagötu þessa dagana og ég mæli mikið með heimsókn þangað."

Elín hefur mikla unun af eldamennsku. „Ég elska að prófa mig áfram í eldhúsinu og er það mitt helsta áhugamál. Í vor tókum við þó smá lífsstílsbreytingu hérna heima þegar eldri strákurinn okkar vildi hætta að borða dýr og erum við nú grænmetisætur. Okkur finnst það alveg frábært og við reynum frekar að grænmetisvæða það sem við erum vön að elda, heldur en að byrja á byrjunarreit."

Spurð að því hver sé uppáhaldsstaðurinn í húsinu stendur ekki á svörum. „Klárlega eldhúsið, nálægt kaffinu og með besta útsýnið."



Ákveðið var að bjóða upp á sérstakt leikrými fyrir litla fólkið í versluninni.



Ýmis listaverk eru áberandi á veggjum heimilisins en Elín Bríta og fjölskyldan eru afar listræn.

## Farsælt samstarf

Auk framkvæmdanna á heimilinu hefur Elín einnig haft í nógu að snúast við uppsetningu verslunarinnar Sambúðarinnar sem var opnuð á dögunum. „Sambúðin er í raun fjórar verslanir undir einum hatti, Mena.is, Modibodi.is, Lauuf.com og Hrisla.is. Við höfum reglulega tekið þátt í ýmsum mörkuðum fyrir netverslanir saman og höfum svipuð sjónarmið og brennandi áhuga á umhverfisvænum lífsstíl. Því sem okkur þótti vanta við að vera eingöngu með vefverslun var að kúnnarnir okkar gætu fengið bæði að sjá og koma við vörurnar okkar."

Tíminn hafi verið af skornum skammti og einfaldleikinn því í fyrirrúmi. „Við vildum halda hlutunum einföldum, þá bæði svo að vörurnar fái að njóta sín og vegna þess að tíminn til að græja rýmið var naumur. Hluta verslunarinnar notum við undir skrifstofur og vildum við halda því rými aðskildu. Lendingin var að teikna og tölvufræsa frístandandi skilrúmsveggi úr krossvið, sem eru með götum, færanlegum pinnum og hillum og virka þannig einnig sem útstillingarveggir fyrir vörurnar okkar."

Ferlið var lærdómsríkt. „Ég hef ekki sett upp verslun áður, en hef innréttað nokkur skrifstofurými síðastliðin ár – en þó aldrei á tæpum tveimur vikum!

Það er alltaf í nógu að snúast, en hér á ennþá eftir að fínpússa eitt og annað og við erum alltaf að bæta við okkur nýjum og spennandi umhverfisvænum vörum frá smærri framleiðendum. Við konurnar bak við Sambúðina munum svo standa vaktina hér í Sundaborg 1 alla virka daga frá 10-18 og laugardaga milli 11-16 og hvetjum alla til að kíkja á okkur."



Elín lagði áherslu á einfaldleika við uppsetningu verslunarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

DÁSMLEGAR
DÚN-ÚLPUR/KÁPUR, 2 síddir,
gæðavottaðar, st-36-48 margir litir.



TRAUST Í 80 ÁR
Fylgið okkur á FB
BERNHARÐ LAXDAL
SÍGILD KÁPUBÚÐ
Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördís Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir | Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103,

# LEGSTEINAR

## Í MIKLU ÚRVALI














GRANÍT STEINAR

Helluhrauni 2, Hafnarfirði
544 5100 – granitsteinar.is

## Tilkynningar

**Breyting á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018, lega Vestfjarðavegar**

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkti þann 15. október 2019 breytingu á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018. Breytingin snýr að legu Vestfjarðavegar frá Bjarkarlundi að Skálanesi.

Tillaga að breytingu var auglýst frá 20. júní 2019 til 25. ágúst 2019. Alls bárust 45 erindi vegna skipulagsins frá umsagnaraðilum, íbúum og öðrum aðilum. Sveitarstjórn féllst á viðbrögð við framkomnum umsögnum og athugasemdum og hefur skipulagstillagan verið uppfærð í samræmi við afgreiðsluna. Öll skipulagsgögn, athugasemdir, umsagnir og viðbrögð sveitarstjórnar verða aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins.

Samþykkt aðalskipulagsbreyting hefur verið send til Skipulagsstofnunar til staðfestingar. Sveitarstjóri veitir nánari upplýsingar ef óskað er.

**Tryggvi Harðarson, sveitarstjóri**

## Fasteignir

**TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA**
**SÍMI 533 4040**
**kjoreign@kjoreign.is**
Opnunartími mán-fös kl. 9-17
Kjöreign ehf
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali

**FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is**

**Grundartangi 42, Mosfellsbæ**

**Opið hús miðvikudaginn 20. nóvember kl. 17:00-17:30**




Raðhús með sérinngangi og útgengi frá stofu út í hellulagðan suðurgarð á þessum vinsæla stað í Mosfellsbæ. Um er að ræða 2ja herbergja íbúð. Lýsing: Anddyri, gangur, svefnherbergi, baðherbergi, stofa, eldhús og geymsla innan íbúðar. Tvö stæði fylgja húsinu. **Verð 36,2 millj.**
**Uppl. Ásta María Benónýsdóttir lög. fasteignasali s: 897-8061**

**Dan V.S. Wiium - hdl. lögg. fast. s: 896 4013**




## Bílar & Farartæki

SPARIBÍLL



M.Benz Sprinter 511. 1/2008 ek. 287 þús. km. Með kassa og lyftu. Ný skoðaður og í fínu standi. Verð aðeins 1.490.000 með vsk.

**Sparibíll ehf**
**Hátún 6A, 105 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

## Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA**
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
**Uppýsingar í síma 868-2055**

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna. Lausir tímar til 21.nóvember.

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**

K2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

## Keypt & Selt

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Heimilið

## Barnavörur




**VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA**
Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is

## Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500


**HVER VANN?**
Sportið á frettabladid.is færir þér allar nýjustu fréttirnar úr heimi íþróttanna.
Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook






FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

félagið til sölu árið 2010.“

*Hvers varstu að horfa til þegar þú keyptir Heklu?*

„Mér þótti bílabransinn áhugaverður og Hekla er rótgróið fyrirtæki sem allir þekkja með góð umboð: Audi, Volkswagen, Skoda og Mitsubishi,“ segir Friðbert.

Hann viðurkennir að bílasala hafi farið hægar af stað en reiknað var með við kaupin á bílaumboðinu. „Reksturinn var erfiður á árunum 2011 til 2014 sökum dræmrar sölu. Það þarfnaðist mikillar yfirlegu að láta reksturinn ganga upp. Frá 2014-2017 var salan betri en markaðurinn byrjaði að dragast saman 2018.“

**44 prósenta samdráttur**

Það sem af er ári hefur bílasala dregist saman um 44 prósent á milli ára. „Það er erfitt að reka fyrirtæki þegar sala dregst svona mikið saman,“ segir Friðbert.

Stjórnendur Heklu væntu um 20-25 prósenta samdráttar í ár, eins og fleiri í atvinnugreininni, meðal annars í ljósi þess að það stefndi í erfiðar kjaraviðræður, bílaleigur myndu ekki njóta lengur niðurfellingar á tollum og minni umsvifa í ferðaþjónustu meðal annars vegna erfiðleika WOW air.

Friðbert segir að brugðist hafi verið við samdrættinum með því að hagræða í rekstri og birgðahaldi og ferlar hafi verið bættir.

## Borgin breytti skilmálum einhliða

Hekla hefur síðustu ár unnið að því í samstarfi við Reykjavíkurborg að umbylta Heklureitnum við Laugaveg í íbúðabyggð með allt að 400 íbúðum. Samhliða hugðist borgin úthluta Heklu lóð í Suður-Mjódd.

Friðbert segir að eftir að skipulag fyrir Heklureitinn hafði verið samþykkt í skipulagsráði og komið til endanlegs samþykkis borgarstjórnar hafi skyndilega kveðið við nýjan tón í Ráðhúsinu við Reykjavíkurtjörn. Þær nýju kröfur sem borgin hafi óvænt komið fram með um að fá afhentar 20 félagslegar íbúðir undir kostnaðarverði ásamt skuldbindingu um 35 leiguíbúðir leiddu til þess að ekkert verður af þessu verkefni.

„Þrátt fyrir undirritaða viljayfirlýsingu um framkvæmd málsins og að hafa samþykkt greiðslu hinna umdeildu innviðagjalda upp á rúmar 200 milljónir króna ákveður borgarstjórn einhliða að breyta skilmálunum.

> **Það gerir borgarstjórn án þess að hafa til þess þar til bæra útreikninga eða fjárhagslegar forsendur sem þýðir að þessi ákvörðun er handahófskennd og leiðir til þess að fjárhagslegar forsendur verkefnisins eru brostnar.**

Það gerir borgarstjórn án þess að hafa til þess þar til bæra útreikninga eða fjárhagslegar forsendur sem þýðir að þessi ákvörðun er handahófskennd og leiðir til þess að fjárhagslegar forsendur verkefnisins eru brostnar.

Það er ljóst að innviðagjöldum ásamt niðurgreiddum félagslegum íbúðum verður fleytt í söluverð nýrra fasteigna og því bitnar það á endanum á borgarbúum sem þurfa að greiða hærra verð fyrir íbúðirnar,“ segir hann.

---

Það sem gerir rekstur enn erfiðari hér á landi, að hans sögn, er að bílaumboðin eiga fjölmarga bíla á lager en víða erlendis, til dæmis í Þýskalandi, tíðkast að viðskiptavinir bíði í 8-12 vikur eftir nýjum bíl. „Þetta háa þjónustustig er dýrt, sérstaklega í ljósi þess hve vextir hafa verið háir á Íslandi,“ segir hann.

*Hvers vegna hefur markaðshlutdeild Heklu lækkað úr fjórðungi árið 2014 í 18 prósent nú?*

„Árið 2014 var stór hluti af sölu okkar til bílaleiga en síðustu ár höfum við lagt aðaláherslu á sölu til einstaklinga og fyrirtækja, þar af leiðandi hefur markaðshlutdeild Heklu dregist saman. Nýskráningar bifreiða til bílaleiga hafa síðustu ár verið um 40 prósent af heildarmarkaði. Þetta er aðalskýringin á breyttri markaðshlutdeild. Markaðshlutdeild okkar þegar litið er til einstaklinga og fyrirtækja er í góðu horfi.“

*Hvernig horfir bílasala við þér á næsta ári?*

„Ég er bjartsýnn á að bílasala muni glæðast á ný á nýju ári og að næstu ár verði ágæt. Hagtölur benda til að hagkerfið sé ágætlega statt, greinendur vænta hagvaxtar á næstu árum, viðskiptajöfnuður er hagstæður, reikna má með að krónan verði tiltölulega sterk í ljósi mikils gjaldeyrisvaraforða, bílafloti landsmanna er gamall í alþjóðlegum samanburði sem er óumhverfisvænt og æ fleiri vilja umhverfisvæna bíla.

Á nýju ári mun Volkswagen og fleiri bílaframleiðendur bjóða mikið af nýjum rafmagnsbílum til sölu. Það hefur tekið þá tíma að ná því að anna þeirri miklu eftirspurn. Framboðið verður því spennandi frá sjónarhóli neytenda.

Stjórnvöld hafa verið framsýn og felldu niður gjöld á umhverfisvæna bíla upp að sex milljónum. Aftur á móti, ef stefna stjórnvalda er að stuðla að því að bílafloti landsmanna verði umhverfisvænni, er misráðið að fella niður afslátt af opinberum gjöldum á tengiltvinnbíla (e. plugin hybrid) á næsta ári og rafmagnsbíla árið 2023. Reynslan sýnir að á erlendum mörkuðum þar sem stuðningur ríkisins hefur verið dreginn til baka dregur verulega úr sölu umhverfisvænna tengiltvinnbíla.

Það þarf að gefa tengiltvinnbílunum meiri tíma til að ná útbreiðslu. Ég tel að þróunin verði sú, að þeir sem hafa góða reynslu af tengiltvinnbíl, muni næst stíga skrefið til fulls og kaupa rafmagnsbíl.

Tengiltvinnbílar geta alla jafna ekið um 40 kílómetra á rafmagni en meðalakstur fólks í höfuðborginni er um 35 kílómetrar. Þeir sem aka á slíkum bílum geta því ekið flesta daga einvörðungu á rafmagni og stungið svo bílnum í hleðslu á kvöldin.

Þá má heldur ekki líta fram hjá því að þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu eru í betri stöðu til að nýta ríkisstuðninginn varðandi kaup á rafmagnsbílum en þeir sem búa á landsbyggðinni. Þeir sem búa á landsbyggðinni eru líklegri til að keyra lengri vegalengdir á milli staða en hafa oft ekki tækifæri til að hlaða bílinn meðan á ferðalaginu stendur. Það vantar fleiri rafhleðslustöðvar. Af þeim sökum henta tengiltvinnbílar betur þeim sem búa á landsbyggðinni og það er eðlilegt að tekið sé tillit til þeirra þarfa.

Það þarf að leggja aukinn kraft í uppbyggingu innviða svo hægt sé að nýta rafmagnsbíla um land allt. Bílaleigur kaupa um 40 prósent af öllum seldum nýjum bílum á ári. Það þarf að huga að því að bílaleigur geti keypt og leigt umhverfisvæna bíla. Að öðrum kosti er vandséð hvernig þær geti tekið þátt í orkuskiptunum.

Ef vilji er til að fara hratt í rafbílavæðingu hér á landi er það vel gerlegt. En eftirtektarverður árangur hefur nú þegar náðst og íslenski markaðurinn er nú í öðru sæti á eftir Norðmönnum í rafbílavæðingu á heimsvísu. Með skynsamlegri lagasetningu tókst Norðmönnum að lækka útblástur koltvísýrings í umferðinni um níu prósent í fyrra.

Á síðasta ári voru 19 prósent seldra bíla á Íslandi vistvæn á meðan hlutfallið var 8 prósent í Svíþjóð og um tvö prósent í Danmörku.

Það er mikill vöxtur í sölu umhverfisvænna bíla, hlutfallið í sölu til einkaaðila og fyrirtækja er komið í 28 prósent það sem af er ári og við teljum að hlutfallið muni aukast enn frekar á næstu 12 til 18 mánuðum. Íslendingar eru mjög áhugasamir um að taka þátt í tækninýjungum.“

**Leitaði til Danmerkur**

*Hvernig kom það til að þú fékkst Semler, umboðsaðila Volkswagen í Danmörku, til að fjárfesta í helmings hlut í Heklu árið 2013 þegar enn voru fjármagnshöft?*

„Ég velti vöngum yfir því hverjir væru reiðubúnir til að fjárfesta til lengri tíma í Heklu og varð hugsað til Semler. Fyrirtækið hefur einnig fjárfest í Austur-Evrópu með góðum árangri og hefur mikla þekkingu á bílgreininni.“ Seljandi hlutarins var Franz Jezorski sem keypti Heklu með Friðberti.

Það sitja tveir Danir í stjórn Heklu og tveir Íslendingar. Íslendingar eru Jón Eiríksson endurskoðandi og Margrét Guðmundsdóttir, fyrrverandi forstjóri Icepharma og núverandi stjórnarformaður Festar sem meðal annars á N1 og Krónuna.

*Hvaða reynsla úr störfum þínum fyrir Coca-Cola hefur nýst þér í rekstri Heklu?*

„Ég bý að því að hafa starfað hjá alþjóðlegu markaðsdrifnu stórfyrirtæki sem Coca-Cola er. Í þeim störfum hef ég fengið tækifæri til að kynnast því afli og langtíma hugsun sem þarf til að byggja upp rekstur og vörumerki til lengri tíma. Volkswagen-samsteðan er slíkt fyrirtæki enda starfa þar um 600 þúsund manns um allan heim.“

**Óskynsamleg staðsetning**

*Hvernig horfir þróunin við þér, að fólk virðist horfa í æ minna mæli til einkabílsins og í ríkara mæli til deilihagkerfisins, reiðhjóla – sem þið raunar seljið líka – og almenningssamgangna?*

„Þetta á eftir að hafa áhrif á næstu árum og ég tel að þessar breytingar séu af hinu góða. Engu að síður tel ég að sala á nýjum bílum verði góð.

Það má líka velta vöngum yfir hve lítið hefur verið fjárfest í innviðum fyrir bíla á undanförnum árum. Stjórnmálamenn hafa sagt að slíkt myndi auka bílaumferð. Það verður hins vegar að horfa til tveggja þátta. Annars vegar fer þjóðinni fjölgandi og hins vegar hefði mátt staðsetja þrjá stærstu vinnustaði landsins með skynsamlegri hætti. Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík og Landspítalinn eru nánast á sama bletti sem skapar mikinn umferðarþunga. Umferðin er mun léttari á sumrin þegar skólarnir eru í sumarfríi. Það segir sína sögu.“

**Finna fyrir gráa markaðnum**

*Hefur grái markaðurinn haft mikil áhrif á sölu ykkar?*

„Grái markaðurinn hefur haft verulega áhrif. Það er ekki spurning. Til að mynda hafa aðrir selt Mitsubishi Outlander í nokkrum mæli enda vel heppnaður og vinsæll jepplingur.

Það getur verið áhættusamt að kaupa af gráa markaðnum. Það hafa komið upp ýmis dæmi um að fólk hafi keypt köttinn í sekknum. Það hafa komið bílar á verkstæði okkar með afar lága kílómetrastöðu en við nánari skoðun kemur í ljós að þeir eru mikið eknir. Rafdrifnir Volkswagen Golf hafa verið fluttir inn frá Bandaríkjunum sem ekki eru með hraðhleðslu, oft er ábyrgðin einungis tvö ár erlendis en við bjóðum fimm ára ábyrgð.“

> **Framferði Volkswagen var algerlega óásættanlegt en það jákvæða sem kom út úr þessu hneyksli er að bílaframleiðendur endurhugsuðu starfsemi sína og lögðu áherslu á umhverfismál og umhverfisvæna bíla. Þetta hefur orðið til þess að þeirri þróun var flýtt verulega.**

*Volkswagen varð uppvíst að svindli á útblásturstölum árið 2015. Hafði það áhrif á söluna hjá Heklu?*

„Nei, það hafði tiltölulega lítil áhrif á sölu Heklu. Framferði Volkswagen var algerlega óásættanlegt en það jákvæða sem kom út úr þessu hneyksli er að bílaframleiðendur endurhugsuðu starfsemi sína og lögðu áherslu á umhverfismál og umhverfisvæna bíla. Þetta hefur orðið til þess að þeirri þróun var flýtt verulega. Frá árinu 2015 hafa bílaframleiðendur verið í fararbroddi í fjárfestingum í umhverfismálum.“




# Gleymir stað og stund í myndlistinni

## Svipmynd
**Ólöf Jónsdóttir**

**Nám**
BSc. í véla- og iðnaðarverkfræði frá HÍ og MSc. í Operational Research frá London School of Economics.

**Störf**
Forstöðumaður fjártækni hjá Kviku banka.

**Fjölskylduhagir**
Gift Ísleifi Orra Arnarsyni og saman eigum við tvær dætur, Erlu Lilju 10 ára og Hönnu Júlíönu 7 ára.


Innistæður á reikningum Auðar námu um 13,8 milljörðum króna í lok þriðja ársfjórðungs. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ólöf Jónsdóttir er forstöðumaður fjártækni hjá Kviku banka en hún stóð að stofnun Auðar, fjármálaþjónustu á vegum bankans, sem býður upp á sparnaðarreikninga á netinu. Ólöf segist hlakka til að fá snjóinn eftir áramót og komast á skíði enda sé fátt betra en frosin nef og núðlusúpa eftir góðan dag í brekkunum.

*Hver eru þín helstu áhugamál?*

Ég hef verið að prófa alls konar sport eins og golf, hlaup, götuhjól og skíði en án þess þó að ná einhverjum sérstökum árangri enda hefur það frekar verið félagsskapurinn hverju sinni sem hefur ráðið því hvaða sport hefur orðið fyrir valinu. Ég hef líka haft mjög gaman af því að mála en það er eitthvað sem ég hef átt með sjálfri mér og hef ég sótt nokkur myndlistanámskeið þar sem ég næ algjörlega að gleyma stað og stund.

*Hvernig er morgunrútínan þín?*

Ég snúsa yfirleitt einu sinni of oft sem slær öllum metnaðarfullum morgunrútínum á frest. Morgunrútína mín er því yfirleitt með einföldu sniði þar sem ég hjálpa stelpunum mínum að hafa sig til fyrir skólann og dríf mig svo í vinnuna.

*Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?*

Ég veit fátt betra en að lesa eða hlusta á góða bók og ég hef í gegnum tíðina átt margar uppáhaldsbækur en til þess að nefna eina þá væri það líklega Hús moskunnar eftir Kader Abdolah. Mjög falleg fjölskyldusaga sem vekur mann til umhugsunar um það hversu hratt samfélög geta breyst og hversu erfitt það getur verið að fara á móti tíðarandanum.

> **Við munum væntanlega sjá mikla áherslu á notendaupplifun þar sem bankaþjónusta og aðrar þjónustur sem við notum daglega verða samtvinnaðar.**

*Hver hafa verið mest krefjandi verkefnin undanfarin misseri?*

Það hefur klárlega verið að stofna Auði dóttur Kviku en Auður er einföld fjármálaþjónusta á netinu sem býður upp á sparnaðarreikninga með bestu mögulegu innlánsvöxtum á hverjum tíma. Vaxtamunur hefur verið hár á Íslandi í evrópskum samanburði þar sem lítil samkeppni hefur verið á innlánamarkaði. Þetta hefur verið krefjandi verkefni en líka virkilega skemmtilegt og gaman að sjá hversu góðar viðtökur við höfum fengið og hversu mikil jákvæð áhrif við höfum haft á innlánakjör almennings.

*Hvernig er rekstrarumhverfi banka að breytast og hvaða tækifæri felast í breytingunum?*

Það eru spennandi tímar fram undan þar sem stafræn bylting mun hafa mikil áhrif á rekstrarumhverfi banka. Við munum væntanleg sjá að mikil áhersla verður lögð á notendaupplifun þar sem bankaþjónusta verður gerð þægilegri og samtvinnuð við aðrar þjónustur sem við notum daglega. Einnig megum við gera ráð fyrir því að fjártæknifyrirtæki muni í auknum mæli koma inn á markaðinn og þá sérstaklega eftir að ný tilskipun um greiðsluþjónustu verður innleidd í lög hér á landi. Þessi tilskipun mun stuðla að opnu bankakerfi sem mun auðvelda nýjum fjármálaþjónustum að ná fótfestu. Við hjá Kviku sjáum mikil tækifæri í þessu breytta umhverfi en Kvika er viðskiptabanki með litla yfirbyggingu sem þarf ekki að verja núverandi þóknanakerfi. Við erum því í góðri stöðu til þess að bjóða upp á nútímalega fjármálþjónustu á netinu með litlum tilkostnaði og getum þannig boðið viðskiptavinum okkar upp á betri kjör en gengur og gerist.

*Hvers hlakkar þú mest til þessa dagana?*

Þessa dagana hlakka ég mest til jólanna en mér finnst alltaf jafn yndislegt að upplifa jólin með stelpunum mínum. Við reynum alltaf að vera búin að undirbúa sem mest í nóvember svo við getum haft það notalegt í desember og notið alls þess sem jólatíminn hefur upp á að bjóða og jafnvel skroppið í góða afslöppun í sveitina. Ég hlakka líka til að fá snjóinn eftir áramót og komast á skíði. Fátt er betra en frosin nef og núðlusúpa eftir góðan dag í brekkunum.

*Hvar sérðu þig eftir 10 ár?*

Ég vona að ég verði orðin töluvert betri í golfi en það er alveg kominn tími til þess.

# Samstarf opinberra aðila og einkaaðila í fasteignaverkefnum




**Helgi S. Gunnarsson** forstjóri Regins

**Dagbjört Erla Einarsdóttir** yfirlögfræðingur Regins

Samvinnuverkefni hafa verið mikið í opinberri umræðu undanfarið. Á ensku er jafnan vísað til þessara verkefna sem PPP, sem stendur fyrir Public-Private-Partnership, eða samstarf milli opinberra aðila og einkaaðila.

Umræðan hefur farið fram víða en hæst hefur þó borið á henni í tengslum við samgönguverkefni, þar sem fyrirhugaðar eru umtalsverðar fjárfestingar á næstu árum. Þörf fyrir uppbyggingu á innviðum og þjónustu hjá hinu opinbera er einnig rík og að mati Regins liggja tækifærin víða svo sem tengd skólum og leikskólum, íþróttum og afþreyingu, hjúkrunarheimilum, sambýlum og þjónustu við fatlaða. Samgönguráðherra hefur talað opinberlega fyrir þessari leið og stefnt er að því á næstunni að leggja fram frumvarp um svokölluð PPP – félög, samvinnufélög ríkis og einkaaðila tengd framkvæmdum í vegakerfinu. Ef af verður má gera ráð fyrir að reynsla úr samgönguverkefnum muni nýtast í öðrum tegundum verkefna. Enga heildstæða löggjöf er nú að finna um slíkt samningsform en stuðst er við meginreglur kröfu- og samningaréttar auk sérlaga eftir því sem við á. Unnt er að draga úr óvissuþáttum í samningagerð með vönduðum undirbúningi og skýrum samningsforsendum um skiptingu áhættu og ábata.

Það þarf ekki að horfa lengra en til Norðurlandanna til að sjá árangursrík verkefni byggð á samstarfi kenndu við PPP. Erlendar rannsóknir gefa til kynna að fjárhagslegur ávinningur samvinnuverkefna geti verið töluverður. Til að mynda sýnir úttekt Copenhagen Economics frá febrúar 2019 á 27 dönskum PPP-verkefnum að í 89% tilvika hafi framkvæmdakostnaður verið undir áætlunum og í 85% tilvika voru verkefnin afhent fyrir umsamdan tíma. Samanburður sömu aðila á PPP-verkefnum við sambærileg opinber verkefni leiddi í ljós að framkvæmdakostnaður hefur að jafnaði verið 14% lægri í PPP-verkefnum og rekstrarkostnaður um 5% lægri.

> **Samanburður á PPP-verkefnum við sambærileg opinber verkefni leiddi í ljós að framkvæmdakostnaður hefur að jafnaði verið 14% lægri í PPP-verkefnum og rekstrarkostnaðurinn um 5% lægri.**

Í PPP-verkefnum er einkaaðila að jafnaði veitt svigrúm til að skapa hagkvæmar lausnir. Sami aðili ber yfirleitt ábyrgð á hönnun, framkvæmd og rekstri verkefnisins sem skapar hvata til að hugsa um líftímakostnað verkefnis, til dæmis þannig að hugað sé að framkvæmdakostnaði við hönnun verkefnis og viðhaldskostnaði við bæði hönnun og framkvæmdir. Áhætta af því að framkvæmdakostnaður eða viðhaldskostnaður sé umfram áætlanir er á ábyrgð einkaaðilans sem þannig er tilneyddur til að vanda áætlanagerð og nýta öll tækifæri til að innleiða hagkvæmar lausnir til lengri tíma, en þó innan þess ramma og þannig að uppfylli þær gæðakröfur sem verkkaupi setur. Verkefni virðast fara síður fram úr kostnaðaráætlun hjá einkaaðilum og viðhald eigna er tryggt og opinberir aðilar geta einbeitt sér betur að því að sinna grunnþjónustu. Það kann því að vera ábatasamt fyrir opinbera aðila að fela samstarfsaðila byggingu eigna og rekstur.

Einkaaðila getur jafnframt verið gefið svigrúm til aukinnar nýtingar eignarinnar á samningstíma. Þannig getur einkaaðili séð tækifæri í hliðarstarfsemi sem stuðlar ekki einungis að aukinni fjárhagslegri hagkvæmni verkefnisins heldur getur einnig aukið þjónustustig til notenda verkefnisins. Dæmi um þetta geta verið félagslegir innviðir sveitarfélaga, til dæmis sundlaugar og íþróttamannvirki, en slík verkefni eru algeng sem samvinnuverkefni í nágrannalöndum okkar. Er þannig unnt að auka nýtingu og verðgildi eigna umfram það sem opinberum aðilum væri unnt ef eignarhald væri á þeirra hendi, meðal annars með hliðsjón af samkeppnissjónarmiðum. Hér á landi er Reginn leiðandi í framboði slíkra lausna í samvinnu við opinbera aðila með útfærslu hugmynda að heildstæðri virðisaukandi lausn. Sérstaða félagsins felst ekki síst í mikilli reynslu og sérþekkingu á þessu sviði þar sem félagið tekur nú þegar þátt í ýmsum slíkum verkefnum með góðum árangri.

Ríkissjóður og stærstu sveitarfélög landsins eru meðal helstu leigutaka Regins og telja tekjur Regins frá opinberum aðilum nú um þriðjung af leigutekjum félagsins. Nýleg þjónustukönnun á meðal leigutaka Regins sýnir jafnframt að opinberir leigutakar eru meðal ánægðustu viðskiptavina félagsins og ánægja þeirra mælist yfir meðaltali samkvæmt markaðsrannsókn Maskínu sem unnin var haustið 2019.

Egilshöll, í eigu Regins, er gott dæmi um vel heppnað PPP-verkefni sem endurspeglar aukna nýtingu eignar með hliðarstarfsemi að frumkvæði einkaaðila. Þar hefur Reginn fengið inn í húsið margs konar aðila í rekstri, sem ekki einungis leggja sitt af mörkum til reksturs eignarinnar í heild í formi leigugreiðslna, heldur saman skapa umhverfi sem nýtist þeim fjölmörgu notendum sem sækja íþróttaþjónustu á degi hverjum. Foreldrar geta stundað líkamsrækt í húsinu á meðan börn sækja skipulagðar íþróttaæfingar, fjölskyldur geta borðað saman að loknum æfingum og íbúar hverfisins hafa fjölbreytta þjónustu og afþreyingu í húsið að sækja. Egilshöll er samkomuhús sem á enga sína líka á Íslandi þar sem þjónustustig er langt umfram hefðbundin íþróttahús í rekstri sveitarfélaga.

Reginn hefur sett sér skýr markmið til framtíðar með áherslu á samvinnuverkefni við ríki og sveitarfélög tengd leigu á stórum fasteignum og getur boðið leigutökum fýsilegar heildarlausnir, til dæmis með samnýtingu á aðstöðu. Hefur félagið sett sér það að markmiði að vera leiðandi í lausnum fyrir opinbera aðila í tengslum við útleigu, rekstur og þjónustu slíkra eigna þar sem horft er til sameiginlegra hagsmuna og ásættanlegrar arðsemi samningsaðila.

Á Íslandi teygir saga samvinnuverkefna sig langt aftur í tíma, fyrir síðustu aldamót. Síðan þá hafa eðlilega orðið breytingar í áherslum, samningsskilmálum og áhættudreifingu. Margvíslegar útfærslur eru í boði, til að mynda eru dæmi þess að fjármögnun verkefnis og eignarhald til framtíðar sé á hendi hins opinbera þó svo að einkaaðili beri ábyrgð á framkvæmd verkefnis og rekstri til framtíðar. Í þessum efnum er stutt að sækja í reynslu nágrannalanda okkar af fjölbreyttum verkefnum, bæði fyrir ríki og sveitarfélög. Allt snýst þetta um umfang, eðli og mat á réttri áhættudreifingu hvers verkefnis, þannig að heildarverkefnið verði sem hagkvæmast, enda um samvinnu að ræða.



**Gerir auknar kröfur um ófjárhagslegar upplýsingar í ársskýrslum fyrirtækja sem sjóðurinn á hlut í.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Ábyrgð og ávöxtun líklegir förunautar

**Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs, segir að ábyrg fjárfestingarstefna sé líkleg til að vera farsæl. Mikilvægt sé að taka umræðu um mál er varða aðra þætti en þá fjárhagslegu í rekstri fyrirtækja.**

Ábyrgð og traust eru náskyld hugtök og það er okkar áskorun að ávinna okkur traust og viðhalda því með ábyrgum fjárfestingum. Og í því felst mikil áskorun. Ábyrgð í fjárfestingum snýst um að tileinka sér góð gildi, setja viðmið og taka umræðu á grundvelli þeirra. Okkar tiltrú er að ábyrg fjárfestingarstefna er einnig farsæl fjárfestingarstefna," segir Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs. Hann hélt undir lok síðasta mánaðar erindi á morgunfundi Fjármálaeftirlitsins um ábyrgar fjárfestingar undir yfirskriftinni „Að sýna ábyrgð".

Birta lífeyrissjóður er aðili að leiðbeinandi reglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar og segir Ólafur að Birta nálgist ábyrgar fjárfestingar sem ákveðna hugmyndafræði. Þannig sé miðað að því að bæta umhverfis-, samfélags- og stjórnháttasjónarmiðum við hefðbundna fjárhagslega greiningu í því skyni að styðja við sjálfbæra þróun til lengri tíma.

„Þá er ekki þar með sagt að við séum með staðlað matsblað með nákvæmum einkunnum fyrir hvern og einn þátt svona eins og það sé hægt að mæla ábyrgð með skorkorti. Ef við tökum fyrirtækið Össur sem dæmi þá teljum við að Össur stuðli að bættri vellíðan og heilbrigði í heiminum í samræmi við eitt af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Við teljum að fyrirtækið sé rekið í sátt og samlyndi við starfsfólk, samfélagið og umhverfið á sama tíma og það hefur skilað okkur góðri arðsemi. Þá getum við metið sem svo að Össur sé ábyrg fjárfesting," segir Ólafur. Þá sé mikilvægur hluti af ábyrgri fjárfestingarstefnu að taka umræðu um mikilvæg mál er varða rekstur fyrirtækja.

„Í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja er ákvæði um að það skuli setja tilnefningarnefnd en það að vera ábyrgur felur ekki í sér að benda á eitt fyrirkomulag og segja að það sé hið eina rétta. Ábyrðin felst í að taka þátt í umræðu um tilnefningarnefndirnar og það sama gildir um starfskjarastefnu," segir Ólafur. Auk þess sé mikilvægt að leggja reglulega mat á hvort aðgerðir í átt að markmiðunum séu raunverulega til bóta en ekki einungis íþyngjandi.

## Kísilverið í samræmi við stefnuna

Birta lífeyrissjóður er á meðal fjárfesta í kísilveri PCC á Bakka sem hvarfar báxít við kol til að framleiða kísil, og koltvísýring sem hliðarafurð. Ólafur segir að fjárfestingin sé í samræmi við hugmyndafræði Birtu.

„Kísilverið hefur kannski þá ímynd í huga sumra að vera eldspúandi vond fjárfesting en aftur á móti hafa margir þá framtíðarsýn að sólarsellur verði þáttur í umhverfisvænni orkuframleiðslu. Ef það verður þörf á kísli í framtíðinni þá þarf einhver að framleiða hann. Rekstrarskilyrðin á fyrsta árinu hafa verið erfið en áformin eru góð. Það er verið að búa til hátækniframleiðslu í byggðarlagi sem var veikt fyrir og við vitum ekki betur en að kísilverið hafi haft mjög jákvæð áhrif á samfélagið á Húsavík," segir Ólafur og nefnir að kísilverið hafi gengist undir umhverfismat og fái raforku frá Þeistareykjavirkjun sem einnig hafi gengist undir umhverfismat.

„Þegar búið er að umhverfismeta starfsemina og veita starfsleyfi þá getum við litið svo á að búið sé að gera úttekt á umhverfissjónarmiðum. Og þá mun það koma í ljós hver arðsemin verður," segir Ólafur og setur kolefnisútblásur kísilversins í samhengi við útblástur flugfélaga.

„Ef við viljum taka þátt í því á alþjóðavísu að búa til betra samfélag þá er spurning um hvernig við metum þennan kost samanborið við flugsamgöngur. Útblástur kísilversins er álíka mikill og útblástur af tveimur flugferðum, fram og til baka, til Bandaríkjanna," segir Ólafur.

Ólafur segir að unnið sé að því að bæta verklag við greiningu á ábyrgum fjárfestingum. Birta geri til að mynda kröfu um auknar ófjárhagslegar upplýsingar í ársskýrslum fyrirtækja sem sjóðurinn á hlutdeild í, svo fjárfestar og sjóðsfélagar geti metið hversu ábyrgur reksturinn er. Hægt sé að gera betur í þeim efnum og byggja þannig upp traust og tiltrú á ábyrgð.

„Arðsemin getur verið góð og skuldastaðan sjálfbær en hin sjónarmiðin skipta ekki síður máli. Til dæmis minnkar áhætta og framlegð eykst þegar betur er hugað að umhverfissjónarmiðum. Þetta eru ekki mjúk mál og dæmin eru fjölmörg því til staðfestingar," segir Ólafur.

*Hefur Birta beitt sér með virkum hætti til að framfylgja stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar?*

„Við höfum tekið virkan þátt í umræðu um stjórnarhætti, starfskjarastefnu og ársreikninga í von um að það hafi jákvæð áhrif. Við höfum minnkað og aukið við hlut okkar í fyrirtækjum, eða hreinlega ekki fjárfest. Ef við skynjum að mannauðsmálum sé ábótavant teljum við það ekki áhættunnar virði að auka við hlut okkar eða yfirhöfuð fjárfesta," segir Ólafur.

*Þú bentir á að íslenskur sjávarútvegur falli vel að matskerfi Sameinuðu þjóðanna um ábyrgð og sjálfbæra þróun. Hefur afstaða þín breyst eitthvað eftir umræðu síðustu daga?*

„Síður en svo, allur atvinnurekstur verður að standast vistfræðilega, samfélagslega og efnahagslega skoðun og matsþættir Sameinuðu þjóðanna ganga út á það. Sjávarútvegurinn hefur minnkað losun gróðurhúsalofttegunda um 43 prósent frá 1990 til 2014 og sóknin byggir á rannsóknum á stofnstærð og sjálfbærri nýtingu. Ég benti einmitt á að þrátt fyrir að vistfræðileg skilyrði teldust vera í lagi væru samfélags- og hagrænu áhrifin eftir sem áður mjög umdeild. Að tekist er reglulega á um auðlindagjaldið og byggðaáhrif sem tilflutningur á kvóta hefur í för með sér svo dæmi sé tekið um samfélagsþáttinn," segir Ólafur

„Þá sýna dæmin að það er eftir sem áður jafn mikilvægt að áhættumeta stjórnarhætti og minnir okkur bara á það hversu mikilvægt stjórnháttamatið er í fjárfestingarferlinu. Eigendastefna okkar kveður á um það að við eigum að hafa jákvæð samskipti við fyrirtæki um stjórnarhætti. Guðmundur í Brimi verður bara að sætta sig við það að stofnanafjárfestar hafi skoðanir á stjórnarháttum þó að hann telji að það þoli ekki skoðun."

**thorsteinn@frettabladid.is**

APOTEK
KITCHEN+BAR



ÍTALSKT
POP UP
MIÐVIKUDAG–SUNNUDAGS

Við bjóðum velkomna ítölsku gestakokkana og matreiðslusnillingana Massimiliano og Matteo Cameli frá veitingahúsinu Al Vecchio Convento

MATSEÐILL

**Gazpacho með jarðaberjum,** burrata, melónu og íslensku „Guanciale" 2.200 kr.

**Jarðskokka spagettí** með ólifuolíu, graslauk, reyktu lardo og Parmigiano osti 2.800 kr.

**Ricotta gnocchi** með kartöflufroðu 2.900 kr.

**Lasagna með svörtum trufflum** og gerjaðri svarthvítlaukssósu 4.900 kr.

**Grillað dádýr** með grænmeti í rauðvíni og svartri „gremolada" 5.900 kr.

**Sole di Sicilia** Kaktusperu-sorbet með sykruðum kapers, granateplum,og „orange blossom water" marengs 1.900 kr.

**Bættu ítölskum trufflum á réttinn þinn**
Svartar trufflur 900 kr. Hvítar trufflur 1.900 kr.

SMAKKSEÐILL
**Smakkaðu alla sex réttina**
10.900 kr. á mann

**Þú mátt bara ekki missa af þessu!**
**Borðapantanir á apotek.is og í síma 551 0011**

## Skotsilfur

### Óvirkir



Stofnendur Play eru með háleit markmið. **Arnar Már Magnússon** forstjóri hefur kynnt áætlanir þeirra þannig að fjárfestar geti tólf til þrettánfaldað fjárfestingu sína á þremur árum. Gangi bjartsýnustu spár flugfélagsins eftir á hlutaféð að vera um 44 milljarða virði eftir þrjú ár. Það er eins gott að byrja söluna af krafti og öflug markaðsherferð á samfélagsmiðlum ætti því að skipta sköpum. Facebooksíða Play er hins vegar nokkuð óvirk. Þar hefur ekkert verið sett inn í nær tólf daga. Ef ætlunin er að fylla fyrstu vélarnar hlýtur nýstofnaða flugfélagið að láta vita af sér.

### Heimakær Bankasýsla



Ásókn opinberra starfsmanna í erlendar ráðstefnur og fundarhöld er vel þekkt. Á vegum Hagstofu Íslands voru farnar 460 ferðir á árunum 2016 til 2019. Fastráðnir starfsmenn stofnunarinnar voru 113 talsins í fyrra og því var að meðaltali um ein utanlandsferð á ári á hvern starfsmann. Ef markmið ferðanna er að afla þekkingar og tengsla hlýtur Hagstofan að vera hafsjór af hvoru tveggja. Bankasýsla ríkisins hefur hins vegar ekki séð ástæðu til að sækja vatnið yfir lækinn þar sem engin ferð var farin á vegum stofnunarinnar á tímabilinu. **Jón Gunnar Jónsson** forstjóri er greinilega heimakær.

### Ekki öll félögin í tómu tjóni



Stóru greiðslukortafyrirtækin, Valitor og Borgun, eru eigendum sínum til vandræða. Það virðist ekkert lát vera á taprekstri fyrirtækjanna sem hleypur á milljörðum. Á sama tíma er Korta, sem varð nánast gjaldþrota haustið 2017, að rétta úr kútnum. Það er eina greiðslukortafyrirtækið sem er að skila hagnaði á þessu ári. Í fjárfestakynningu Kviku banka, sem á tæplega helmingshlut í Korta, sést að bankinn hagnaðist um 163 milljónir vegna starfsemi hlutdeildarfélaga fyrstu níu mánuði ársins. Það má að mestu rekja til Korta sem **Jakob Ásmundsson** forstjóri fer fyrir.

## Þingið óánægt með dómstóla og grímuklædda mótmælendur



Kínverska þingið er ósátt við niðurstöðu dómstóla í Hong Kong. Þingið bannaði þátttakendum í fjöldasamkomum að hylja andlit sitt með grímu í fyrri hluta október en dómstólar sneru ákvörðuninni við. Heimilt er að áfrýja dómnum. Það hefur skapast hætta á að viðbrögð stjórnvalda leiði til enn frekari átaka á svæðinu. Viðbrögðin vekja spurningar um sjálfstæði Hong Kong sem hefur tilheyrt Kína frá árinu 1997. NORDICPHOTOS/GETTY

# Ógagnsætt kynslóðabil



**Baldur Thorlacius**
framkvæmdastjóri sölu- og viðskiptatengsla Nasdaq á Íslandi

Mismunandi kynslóðir hafa verið mér ofarlega í huga þessa dagana, eða allt frá því það rann upp fyrir mér að ég tilheyri að öllum líkindum ekki kynslóð X (Generation X, fólk fætt 1960 – 1979) heldur þúsaldarkynslóðinni (Millennials, fólk fætt 1980 – 1994). Ég hafði alltaf upplifað mig sem Gen X. Ég hlustaði á Nirvana, fannst Pauly Shore frábær og tengdi mikið við Pepsi-auglýsinguna með Spice Girls, þar sem þær sungu hástöfum um Generation X. Svo komst ég reyndar að því að þær voru ekki að syngja um Generation X heldur Generation Next – og að enginn af kynslóð X tengir við Spice Girls. Þetta gerði útslagið. Ég hlýt að vera af þúsaldarkynslóðinni.

Áfall, en ekki alslæmt. Ég hef til að mynda upplifað ákveðna hugarfarsbreytingu hjá yngri kynslóðum með tilliti til gagnsæis, svo sem varðandi rekstur fyrirtækja og fjármálamarkaði, sem ég tel vera mjög til bóta – enda höfum við búið við hálfgerða „leysum þetta okkar á milli“ menningu hér á landi. Við höfum verið treg við að halda opin útboð eða vinna úr verðmætum fyrir opnum tjöldum. Gagnsæi þvælist fyrir. Leysum þetta bara okkar á milli. Maður á mann (í undantekningartilfellum fá konur einnig að vera með).

Þegar kemur að fjármálamörkuðum snýr þessi umræða meðal annars að því hvort hag fyrirtækja sé betur borgið innan eða utan markaðar. Fyrir þá sem ekki vita þá eru kauphallir og markaðir eins og First North fyrst og fremst gagnsæisvettvangar og með skráningu á slíka markaði eru fyrirtæki að skuldbinda sig til þess að starfa með afar gagnsæjum hætti. Gagnsæi er eitur í beinum þeirra sem vilja helst leysa málin sín á milli og á því stranda gjarnan áætlanir um að fara á markað.

> Það verður aldrei skortur á aðilum sem vilja leysa málin „sín á milli“ og sannfæra aðra um skaðsemi gagnsæisins.

Það eru aftur á móti teikn á lofti um að nýjum kynslóðum, sem hafa alist upp „í beinni útsendingu“ á internetinu og fullorðnast á samfélagsmiðlum, fylgi nýjar áherslur. Gagnsæi kann að vera þeim eðlislægra en þeim sem ruddu brautina. Margir stjórnendur og frumkvöðlar af þessum kynslóðum eru nú þegar að starfa með mjög gagnsæjum hætti. Deila upplýsingum og ræða málin opinskátt við aðra frumkvöðla, þróa nýjar vörur í samstarfi og samtali við stóran hóp viðskiptavina og veita jafnvel hverjum sem er aðgang að grunnkóða í hugbúnaði sem þau hafa þróað, svo dæmi séu tekin. Áherslur nýrra kynslóða, nýjar stefnur í stjórnun fyrirtækja og gagnsæi fara því einstaklega vel saman.

Það verður samt aldrei skortur á aðilum sem vilja leysa málin „sín á milli“ og reyna allt hvað þeir geta til að sannfæra aðra um skaðsemi gagnsæisins. Það hentar vissulega ekki öllum fyrirtækjum að starfa við mikið gagnsæi, en það er ekkert sem bendir til annars en að þau tilvik séu undantekningin frekar en reglan. Ég er sjálfur sannfærður um að það geti hentað mjög mörgum fyrirtækjum að fara á markað og nýta þannig kosti gagnsæisins til þess að ná markmiðum sínum og skara fram úr (en er vissulega ekki hlutlaus í því mati).

Stöndum vörð um þessa jákvæðni nýrra kynslóða í garð gagnsæis. Hrósum fyrirtækjum og einstaklingum sem leggja spilin á borðið, sérstaklega þegar spilin eru léleg. Hrósum þeim sem tala opinskátt um mistök sín og reyna að læra af þeim. Það getur krafist mikilla hugrekkis að gera hreint fyrir sínum dyrum og hræðslan við „dóm götunnar“ getur verið einn versti óvinur gagnsæisins. Gefum samt ekkert eftir í uppbyggilegri gagnrýni. Pössum okkur á því að stinga ekki höfðinu í sandinn og gera ráð fyrir hinu besta þegar engar eða takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir. Og síðast en ekki síst, spyrjum alltaf gagnrýninna spurninga og veltum því fyrir okkur hvað gæti legið að baki þegar „leysum þetta okkar á milli“ kórinn byrjar að syngja.

# Ríkið og einkaaðilar eftirbátar í þróunarsamvinnu

RÁÐDEILDIN



**Konráð Guðjónsson**
Hagfræðingur
Viðskiptaráðs

Áundanförnum árum hefur framlag ríkisins til þróunarsamvinnu oft borið á góma. Kallað hefur verið á aukningu í málaflokknum en engu að síður er Ísland langt frá markmiði DAC-ríkjanna (samstarfsvettvangur OECD-ríkja í þróunarsamvinnu) um að opinber framlög til þróunarsamvinnu nemi 0,7% af þjóðarframleiðslu, en hér voru þau 0,31% af þjóðarframleiðslu árið 2018. Þá voru framlög til málaflokksins lækkuð frá því sem gert var ráð fyrir í síðustu fjármálaáætlunar. Afleiðingin er sú að Ísland er í 17. sæti af 30 meðal DAC-ríkjanna í framlögum til þróunarsamvinnu. Hvað sem því líður gleymist gjarnan að horfa til framlags einkaaðila (félagasamtaka, heimila og fyrirtækja) til þróunarsamvinnu. Fjárfesting og hvers kyns fjárhagslegur stuðningur til lágtekjuríkja frá einkaaðilum er enn minni hér og er Ísland aðeins í 20. sæti af 30 samkvæmt gögnum OECD. Án þess að firra ríkisvaldið ábyrgð væri kannski nærtækt að líta í eigin barm og opna augun fyrir þróunarverkefnum í fátækum heimshlutum þar sem þörfin er hvað mest – án skattpeninga.

**Framlög til þróunarsamvinnu**
sem hlutfall af þjóðarframleiðslu árið 2017



REYKJASTRÆTI
FASTEIGNAFÉLAG



# URÐARHVARF 8 FYRIR STÓRNOTENDUR

GÆÐI - ÚTSÝNI - HAGKVÆMNI

Urðarhvarf 8 er nýtt húsnæði og hagkvæmur kostur fyrir leigjendur. Húsið er glerjað að miklu leyti og því nýtur sín vel stórbrotið útsýni yfir Reykjavík, í átt að Esjunni, yfir Elliðavatn og til Bláfjalla. Samnýting á mötuneyti, hjólageymslum, fundarherbergjum, móttöku og annarri fjölbreyttri þjónustu verður í boði fyrir leigjendur húsnæðisins.



Heildarstærð er um 17.200 fm • Útleigurými frá 640 fm • Næg bílastæði og gott aðgengi
Frábært útsýni yfir Esjuna og Elliðaárdalinn • Afhending hefst vorið 2020

REYKJASTRAETI.IS

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 20. nóvember 2019

FRÉTTABLAÐIÐ.IS frettabladid.is | Instagram fréttablaðsins @frettabladid


**SKOÐUN**

Helgi Vífill Júlíusson



## Púðurskot í byssunni

**Mútugreiðslur** stjórnenda Samherja í Namibíu, ef ásakanirnar eru á rökum reistar, voru óverjandi. Þær hafa haft víðtækar afleiðingar, meðal annars í Afríkuríkinu og á Íslandi. Það er mikilvægt að beina sjónum að því að mögulega komst upp um umfangsmikla spillingu og að réttarkerfið mun taka á málinu. Það er hið gleðilega í málinu og mikilvægur sigur.

**Það er** mannlegt að fyllast reiði eftir að hafa horft á fréttaskýringarþátt Kveiks um málið. Margir hafa hins vegar fallið í þá gryfju að leyfa reiðinni að kynda undir gamalli gremju og telja að nú sé færi á að blása til sóknar gegn atvinnulífinu og kvótagreifum. Dýrið er sært. Púðurskotum er raðað í byssuna.

**Sumir** tortryggja atvinnulífið, sem er undirstaða velferðarkerfisins og velmegunar í landinu, í enn ríkari mæli og sjá jafnvel spillingu í hverju horni. Hópur fólks kallar eftir nýrri stjórnarskrá. Aðrir grípa gæsina og berjast fyrir breytingum á kvótakerfinu; útgerðir greiði enn hærra auðlindagjald og að stærri útgerðir veiði minna á Íslandsmiðum.

**Engin** af þessum hugmyndum hefði komið í veg fyrir mútugreiðslur. Þingmenn í stjórnarandstöðu sem tala á þá leið – og flagga þar með eigin ágæti – þurfa að hugsa sinn gang.

**Sannast sagna** blöskrar mér sem heimspekingi og viðskiptafræðingi umræðan. Rökhyggjan sem heimspekingar eiga að hafa að leiðarljósi er virt að vettugi og nauðsynlegar forsendur þess að íbúar geti notið hagsældar á ekki upp á pallborðið.

**Ísland** er að mörgu leyti stórkostlegt samfélag, þótt vissulega megi margt bæta. Margir sem búið hafa erlendis vilja fremur ala upp börn sín hér. Það segir sína sögu. Það er af og frá að Ísland sé spillt eða ljótt samfélag. Vissulega koma upp ljót atvik en það að þau hafi komist upp á yfirborðið er fagnaðarefni. Það er ekki hægt að koma í veg fyrir glæpi en það er hægt að koma í veg fyrir að samfélagið líti undan.

**Þau lífsgæði** sem þorri þjóðarinnar býr við eru ekki sjálfgefin. Grunnurinn að þeim er að fyrirtækjum tókst að vinna mikil verðmæti úr náttúruauðlindum og er kvótakerfinu að þakka. Byggja þarf á þeim grunni enda eru ýmsar áskoranir fram undan eins og í heilbrigðiskerfinu vegna öldrunar þjóðarinnar. Aukin skattheimta og tilraunir til að binda hendur atvinnulífsins eru afturför. Reiðin mun teyma okkur í ranga átt.


ÁSTRÍÐA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is


## Sigurður með um 3 prósent í Heimavöllum

Hjónin Sigurður Bollason og Nanna Björk Ásgrímsdóttir fara fyrir 2,8 prósenta hlut í Heimavöllum og eru fyrir vikið tólfti stærsti hluthafi leigufélagsins. Hluturinn, sem er í eigu fjárfestingarfélagsins RES II, er metinn á um 370 milljónir króna.

Á sunnudaginn virðast Frostaskjól og RES II hafa skipst á bréfum í Heimavöllum og Sýn. Frostaskjól, sem er á vegum Róberts Wessman og Hilmars Þórs Kristinssonar, seldi í Heimavöllum fyrir 560 milljónir og keypti í Sýn fyrir sömu fjárhæð. Á sama tíma keypti RES II í Heimavöllum og seldi í Sýn fyrir sömuleiðis um 560 milljónir.

Á mánudag var upplýst um að RES II fari með rúmlega sjö prósenta hlut í Skeljungi. Bréfin eru metin á um 1,3 milljarða króna. Stóran hluta af eigninni má rekja til framvirkra samninga. Hlutabréf í Skeljungi hafa hækkað um 18 prósent síðustu fjórar vikur. Markaðsvirði félagsins er um 18 milljarðar. **– hvj**



**Sigurður Bollason fjárfestir.**

**17.11.2019**

**Ertu syfjuð? [Sólveig Anna Jónsdóttir] Það eru alltaf þessar stunur úr þínu horni.**



Elliði Vignisson, bæjarstjóri Ölfuss





# Verðmæti

Hámarkaðu árangurinn þinn og verðmæti með því að nýta þér fjölbreytta þekkingu og víðtæka reynslu PwC á öllum sviðum rekstrar.

Hafðu samband því þinn árangur er mikils virði.

pwc

**PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is**

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

**Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar**

# Bernhard notaðir bílar eru fluttir að Vatnagörðum 24

**KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP Í GÓÐUM NOTUÐUM BÍL**

**SÖLUMENN OKKAR ERU Í SAMNINGSSTUÐI**



**Honda CR-V Lifestyle Hybrid**

Nýskráður 8/2019, ekinn 1 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

Tilboð kr. 5.690.000

Allt að 90% fjármögnun í boði



**Honda Civic Comfort**

Nýskráður 5/2018, ekinn 17 þús.km., bensín, 6 gírar.

Tilboð kr. 2.690.000

Allt að 90% fjármögnun í boði



**Honda CR-V Elegance dísil**

Nýskráður 11/2017, ekinn 64 þús.km., dísel, sjálfskiptur 9 gírar.

Tilboð kr. 3.690.000

Allt að 90% fjármögnun í boði



**Honda Civic Tourer Lifestyle**

Nýskráður 3/2017, ekinn 26 þús.km., dísel, beinskiptur.

Tilboð kr. 1.990.000

Allt að 90% fjármögnun í boði

Afborgun miðast við 80% lánshlutfall í 7 ár. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 8,94%

BERNHARD NOTAÐIR BÍLAR

Vatnagörðum 24 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

# Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Capacent_

capacent.is



# Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing





lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

FAST Ráðningar

www.fastradningar.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

| Staður | °C | m/s |
|---|---|---|
| Reykjavík | 3 | 4 |
| Ísafjörður | -1 | 2 |
| Akureyri | -1 | 2 |
| Egilsstaðir | -1 | 3 |
| Kirkjubæjarkl | 2 | 2 |
| Hveravellir | -2 | 6 |

Austan 13-23 m/s S- og SV-lands, hvassast syðst, en víða 8-13 í öðrum landshlutum. Skýjað veður og rigning með köflum sunnan til. Hiti 1 til 7 stig, en í kringum frostmark á NA-verðu landinu. Dregur úr vindi seint í dag.

## Fimmtudagur

| Staður | °C | m/s |
|---|---|---|
| Reykjavík | 5 | 6 |
| Ísafjörður | -1 | 3 |
| Akureyri | 3 | 4 |
| Egilsstaðir | 2 | 3 |
| Kirkjubæjarkl | 6 | 7 |
| Hveravellir | 1 | 2 |

## Föstudagur

| Staður | °C | m/s |
|---|---|---|
| Reykjavík | 5 | 3 |
| Ísafjörður | 1 | 1 |
| Akureyri | -6 | 1 |
| Egilsstaðir | 2 | 1 |
| Kirkjubæjarkl | 5 | 5 |
| Hveravellir | -1 | 2 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2 | 8 | | | | 1 | |
| | 8 | 3 | | | 6 | | 5 | 9 |
| | | | | 3 | | | | |
| | | 8 | | 4 | | 1 | | |
| | 4 | | 9 | 7 | | 5 | | |
| 3 | 5 | | 6 | 2 | | 8 | | 4 |
| | 9 | 4 | | | 7 | | | 5 |
| 1 | 7 | | 3 | | | | | 6 |
| 2 | | | 4 | | 9 | 7 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | 4 | | 1 | 2 | | 3 |
| 8 | | 2 | | | | | 5 | |
| | 6 | | 5 | | | | 9 | |
| | | | | 3 | 5 | | | |
| | 8 | 1 | | 9 | | 5 | 3 | |
| | | | 7 | 8 | | | | 1 |
| 6 | | 7 | | | 9 | | | |
| 3 | | | | | | | 6 | |
| | 1 | | 2 | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | | | 5 | 6 | | | |
| | | 6 | 7 | 8 | | 2 | | |
| | | 5 | | | | | | |
| | | | | 2 | | 6 | | |
| 2 | | 4 | | | 3 | | 8 | |
| | | | 5 | 4 | | 9 | | 1 |
| | 3 | 8 | | | | 1 | | |
| 1 | 6 | | 4 | 9 | | | | |
| 4 | | | 6 | | | | 9 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 2 | 4 | 1 | 5 | 3 | 8 | 6 |
| 5 | 6 | 1 | 3 | 7 | 8 | 2 | 9 | 4 |
| 4 | 3 | 8 | 6 | 9 | 2 | 7 | 5 | 1 |
| 3 | 4 | 9 | 5 | 6 | 7 | 1 | 2 | 8 |
| 6 | 1 | 7 | 8 | 2 | 3 | 9 | 4 | 5 |
| 8 | 2 | 5 | 9 | 4 | 1 | 6 | 3 | 7 |
| 9 | 8 | 3 | 7 | 5 | 6 | 4 | 1 | 2 |
| 1 | 5 | 6 | 2 | 3 | 4 | 8 | 7 | 9 |
| 2 | 7 | 4 | 1 | 8 | 9 | 5 | 6 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 2 | 9 | 6 | 3 | 4 | 5 | 8 | 1 |
| 6 | 5 | 3 | 7 | 8 | 1 | 9 | 2 | 4 |
| 8 | 4 | 1 | 9 | 5 | 2 | 3 | 6 | 7 |
| 4 | 3 | 2 | 5 | 1 | 6 | 8 | 7 | 9 |
| 5 | 7 | 6 | 2 | 9 | 8 | 4 | 1 | 3 |
| 9 | 1 | 8 | 3 | 4 | 7 | 2 | 5 | 6 |
| 3 | 9 | 7 | 1 | 2 | 5 | 6 | 4 | 8 |
| 1 | 8 | 5 | 4 | 6 | 3 | 7 | 9 | 2 |
| 2 | 6 | 4 | 8 | 7 | 9 | 1 | 3 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 7 | 9 | 6 | 3 | 4 | 2 | 5 |
| 9 | 5 | 2 | 4 | 7 | 8 | 3 | 6 | 1 |
| 3 | 6 | 4 | 2 | 1 | 5 | 7 | 8 | 9 |
| 1 | 4 | 6 | 3 | 9 | 7 | 8 | 5 | 2 |
| 2 | 7 | 3 | 5 | 8 | 6 | 1 | 9 | 4 |
| 5 | 8 | 9 | 1 | 2 | 4 | 6 | 3 | 7 |
| 7 | 2 | 5 | 6 | 3 | 1 | 9 | 4 | 8 |
| 6 | 9 | 8 | 7 | 4 | 2 | 5 | 1 | 3 |
| 4 | 3 | 1 | 8 | 5 | 9 | 2 | 7 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 sáldur
5 tala
6 mannþyrping
8 yfirráða
10 átt
11 fát
12 tegund
13 harla
15 efnismagn
17 dvöl

**LÓÐRÉTT**
1 iðkar
2 leiðsla
3 peningur
4 pabba
7 alls
9 fyrirhuga
12 þó
14 reiðubúinn
16 utan

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

LÁRÉTT: 1 svarf, 5 tíu, 6 ös, 8 umráða, 10 na, 11 fum, 12 sort, 13 afar, 15 rúmmál, 17 stans.
LÓÐRÉTT: 1 stundar, 2 víma, 3 aur, 4 fóður, 7 samtals, 9 áforma, 12 samt, 14 fús, 16 án.

## Skák

Gunnar Björnsson

Lissizyn átti leik gegn Bondarevski í Leníngrad árið.

**1. Bxe4+! fxe4 2. He5+! Kd6 3. Hxe4 ½-½.** Ísey skyr skákhátíðin hófst á Hótel Selfossi í gær. Tvær af allra bestu skákkonum heims taka þátt. Önnur umferð fer fram í dag og hefst kl. 17. Á morgun hefst opna Suðurlandsmótið í skák.

**www.skak.is:** Skákhátíð á Selfossi.

**Hvítur á leik**











## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





„Þetta er í grunninn rúmlega 20 ára vinna sem kristallast í þessari bók." FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Lykill að tónlistarsögu

**Árni Heimir Ingólfsson tónlistarfræðingur fjallar í bók um helstu íslensku nótnahandrit sem varðveist hafa frá 1100–1800. Hljóðritanir á lögunum er að finna á Spotify og YouTube.**



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Tónlist liðinna alda – Íslensk handrit 1100-1800 er bók þar sem Árni Heimir Ingólfsson tónlistarfræðingur fjallar um helstu íslensku nótnahandrit sem varðveist hafa frá þessum tíma. Bókina prýðir mikill fjöldi litmynda auk þess sem hægt er að nálgast hljóðritanir laga sem hún hefur að geyma á efnisveitunum Spotify og YouTube.

„Þetta er tilraun til að segja íslenska tónlistarsögu í gegnum þær heimildir sem hafa varðveist," segir Árni Heimir. „Við eigum fjölda gamalla nótnahandrita sem eru mikilvægur hlekkur í íslenskri menningarsögu en hafa fallið í skuggann af bókmenntunum. Ég segi frá um 60 handritum í bókinni. Flest eru geymd hér á landi en hátt í 20 þeirra eru erlendis. Ég hef skoðað og handleikið öll þessi handrit, hef setið í söfnum í Kaupmannahöfn, Bandaríkjunum, London og Oxford, og meira að segja í Vatíkaninu, sem var mikið ævintýri. Þetta er í grunninn rúmlega 20 ára vinna sem kristallast í þessari bók," segir Árni Heimir.

### Stór hluti af lífinu

Spurður um forsöguna segir hann: „Sumarið 1996 var ég að skrifa háskólaritgerð um orgelkonsert Jóns Leifs. Þá var nýbúið að gefa handrit hans á handritadeild Landsbókasafnsins og ég var þar um sumarið að skoða skissurnar hans. Helga Ingólfsdóttir heitin semballeikari og Kári Bjarnason handritavörður voru á sama tíma að vinna að því að kortleggja nótur í gömlum íslenskum handritum. Þau vissu að ég var að læra tónlist og voru stöðugt að koma til mín með handrit sem þau höfðu fundið til að sýna mér. Stundum fannst mér ég hafa fremur lítinn vinnufrið fyrir þeim til að rannsaka Jón Leifs en svo fór að þau smituðu mig algjörlega af áhuga sínum. Síðan má segja að rannsóknir á gömlum nótnahandritum hafi verið stór hluti af mínu lífi. Ég hef til dæmis varla farið til útlanda án þess að leggja lykkju á leið mína til að skoða handrit einhvers staðar, því að jafnvel með alla stafræna tækni eru sum smáatriði sem maður getur ekki greint nema með því að handfjatla gripinn sjálfur.

> VIÐ EIGUM FJÖLDA GAMALLA NÓTNAHANDRITA SEM ERU MIKILVÆGUR HLEKKUR Í ÍSLENSKRI MENNINGARSÖGU EN HAFA FALLIÐ Í SKUGGANN AF BÓKMENNTUNUM.

Vinna á söfnum getur verið tímafrek og smásmuguleg en líka skemmtileg af því að maður er alltaf að uppgötva eitthvað merkilegt og áttar sig á einhverju nýju samhengi. Sérstaklega hef ég áhuga á því hver var uppruni þeirra laga sem hér voru sungin fyrr á öldum, og hvernig þau bárust alla leið hingað. Á einhverjum tímapunkti hugsaði ég: Það væri skemmtilegt að miðla til almennings öllum þessum rannsóknum og fræðum sem ég er búinn að stunda. Það var þá sem mér datt í hug bók þar sem hinu myndræna væri gert jafn hátt undir höfði og sjálfum textanum."

Árni Heimir rakst á ýmislegt forvitnilegt í grúski sínu og rannsóknum. „Í fyrra fann ég handrit sem ég hafði ekki áttað mig á að væri til, sem er einmitt fallegasta handritið í bókinni. Það er geymt í Kaupmannahöfn og var upphaflega ensk messubók með ótrúlega fallegum myndum og lýsingum. Latínutextinn var skafinn upp eftir siðaskipti en myndirnar fengu að halda sér og skrifaðar voru nýjar nótur við íslenskan texta. Þetta handrit er algjör fjársjóður og svo er raunar um mörg fleiri – þau eru lykillinn að tónlistarsögu okkar í gegnum aldirnar."

### Lifandi fyrirbæri

Hljóðritanir á lögum í bókinni er að finna á Spotify og YouTube. „Tónlist er lifandi fyrirbæri sem býr yfir töfrum sem hið morknaða skinnblað getur ekki miðlað. Það eru 36 lög í bókinni sem er hægt að fletta, skoða og hlusta á. Það var dýrmætt fyrir mig að vinna með tónlistarfólkinu sem flytur tónlist á þessum upptökum. Þótt nótnaskrift sé merkilegt fyrirbæri í sjálfu sér þá miðlar hún ekki göldrunum. Ef lag hefur töfra þá vakna þeir ekki fyrr en söngvari eða tónlistarmaður býr þá aftur til, finnur leiðina að þeim með sinni innlifun og tjáningu. Það er mjög sérstakt að heyra flutning á lagi sem hefur ekki verið sungið í 400-500 ár. Þegar maður heyrir það flutt hugsar maður: Já, þess vegna var þetta lag svona vinsælt. Þess vegna langaði fólk að syngja það og skrifa það niður. Þess vegna er það til í mörgum handritum sem eru dreifð um heiminn."

### Veglegur og fallegur gripur

Mikil alúð hefur verið lögð í útlit bókarinnar sem Crymogea gefur út. Hún er veglegur og fallegur gripur. „Ég er afar þakklátur útgáfustjóranum, Kristjáni B. Jónassyni, fyrir að hafa tekið þessa bók að sér. Ég var ekki tilbúinn að setja hana í hendurnar á hverjum sem er. Mig langaði til að bókin yrði fallegur prentgripur og hún varð það vegna þess að ég hafði svo gott samstarfsfólk. Snæfríð Þorsteins sem hannaði bókina á heiður skilið. Hún hafði svo góðan skilning á efninu og lagði sig fram við að koma því fallega til skila. Hún nostraði við öll smáatriði og við bundumst sterkum böndum í ýktri fullkomnunaráráttu okkar beggja," segir Árni Heimir og hlær.

## Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

**20. NÓVEMBER 2019**

**Hvað?** Ég hef misst sjónar á þér
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Safnaðarheimili Neskirkju
Anna Júlía Friðbjörnsdóttir leiðir gesti um sýningu sína.

**Hvað?** Framtíð fjarskipta á Íslandi
**Hvenær?** 12.00 -14.00
**Hvar?** Grand hótel við Sigtún

**Hvað?** Endalaus framtíð – betra líf
**Hvenær?** 16.30-18.30
**Hvar?** LHÍ, Þverholti 11

**Hvað?** Klassík í Vatnsmýrinni
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Norræna húsið
Den danske klarinettrio leikur valin verk.



# GEFÐU GEFANDI & HARÐA PAKKA




TILBOÐSVERÐ:
4.899.-
Verð áður:
6.999.-

Með sigg á sálinni




TILBOÐSVERÐ:
4.899.-
Verð áður:
6.999.-

Aðventa




TILBOÐSVERÐ:
4.899.-
Verð áður:
6.999.-

Fjötrar




TILBOÐSVERÐ:
4.899.-
Verð áður:
6.999.-

Hvítidauði


VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

2018 Framúrskarandi fyrirtæki

# ÞESSA JÓLAHÁTÍÐ!




TILBOÐSVERÐ:
**3.899.-**
Verð áður:
5.499.-

Án filters




TILBOÐSVERÐ:
**4.899.-**
Verð áður:
6.999.-

Tregasteinn




TILBOÐSVERÐ:
**4.899.-**
Verð áður:
6.999.-

Systa




TILBOÐSVERÐ:
**4.899.-**
Verð áður:
6.999.-

Þögn

Café
AUSTURSTRÆTI • SKÓLAVÖRÐUSTÍG
LAUGAVEGI • AKUREYRI • VESTMANNAEYJUM

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverðs er til og með 21. nóvember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.






# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## RÚV SJÓNVARP

**13.00 Útsvar 2018-2019 Ísafjarðarbær - Reykjanesbær**
**14.10 Mósaík**
**14.55 Á tali hjá Hemma Gunn 1989-1990**
**16.35 Vatnajökull - Eldhjarta Íslands – Blómagarður jökulsins** Esjufjöll standa uppi úr Vatnajökli í um 1600 metrum yfir sjávarmáli. Fjöllin eru ein af sjö megineldstöðvum sem undir jöklinum hvíla.
**17.05 Eyðibýli – Hamrar** Þáttaröð um eyðibýli á Íslandi. Þar sem á árum áður voru reisulegir sveitabæir með iðandi mannlífi standa nú húsin tóm. Rætt er um byggingu bæjanna og talað við fólk sem tengist stöðunum á einn eða annan hátt. Farið er í Suðurhús í Suðursveit, Hamra á Mýrum, Múlakot í Fljótshlíð, Öxney á Breiðafirði, Heiði á Langanesi og Vatnshorn í Skorradal. Umsjónamaður er Guðni Kolbeinsson og dagskrárgerð annaðist Björn Emilsson. e.
**17.45 Táknmálsfréttir**
**17.55 Disneystundin**
**17.56 Tímon & Púmba**
**18.18 Sígildar teiknimyndir**
**18.26 Sögur úr Andabæ - Hver er Græjuöndin?**
**18.50 Krakkafréttir** Fréttaþáttur fyrir börn á aldrinum 8-12 ára. Umsjón: Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir og Sævar Helgi Bragason.
**18.54 Víkinglottó**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós** Ítarleg umfjöllun um það sem er efst á baugi í fréttum og mannlífi. Farið er ofan í kjölinn á stærstu fréttamálum dagsins með viðmælendum um land allt.
**19.50 Menningin**
**20.05 Kiljan**
**21.00 Skytturnar**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Ásýnd þagnarinnar** Margverðlaunuð heimildarmynd um Adi sem ákveður að gera upp fortíðina við morðingja bróður síns. Bróðir hans var eitt fórnarlamba skipulagðrar útrýmingar indónesískra stjórnvalda á meintum kommúnistum á sjöunda áratugnum og Adi ferðast heim til málaliðanna sem myrtu bróður hans í þeirri von að þeir axli ábyrgð á gjörðum sínum. Myndin er sjálfstætt framhald heimildarmyndarinnar Hlutverk morðingja, The Act of Killing, sem var tilnefnd til Óskarsverðlauna sem besta heimildarmyndin. Leikstjóri. Joshua Oppenheimer. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**00.00 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**07.00 Mayakoba Golf Classic** Útsending frá Mayakoba Golf Classic á PGA-mótaröðinni.
**10.00 Golfing World** Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
**10.50 Mayakoba Golf Classic**
**13.50 The RSM Classic** Útsending frá lokadegi RSM Classic á PGA-mótaröðinni.
**17.15 Golfing World**
**18.05 Champions Tour Highlights** Svipmyndir frá helstu mótunum í Champions Tour.
**19.00 Nedbank Golf Challenge** Útsending frá Nedbank Golf Challenge á Evrópumótaröðinni.

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Late Late Show**
**09.30 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 Dr. Phil**
**13.50 Single Parents**
**14.15 Með Loga**
**15.15 Top Chef**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Late Late Show**
**19.00 America's Funniest Home Videos**
**19.20 Survivor**
**20.10 Survivor**
**21.00 New Amsterdam**
**21.50 Stumptown**
**22.35 Beyond**
**23.20 The Late Late Show**
**00.05 NCIS**
**00.50 9-1-1**
**01.35 Emergence**
**02.20 In the Dark**
**03.05 Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Tónlist frá A til Ö**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Samtal Veturliði Óskarsson, prófessor í íslensku**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Stormsker**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Endurómur úr Evrópu**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.30 Kvöldsagan. Að breyta fjalli**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.10 Daphne & Velma**
**13.30 A.X.L**
**15.10 Charlie and the Chocolate Factory**
**17.05 Daphne & Velma**
**18.25 A.X.L**
**20.05 Charlie and the Chocolate Factory**
**22.00 Den of Thieves**
**00.20 Partisan**
**01.55 Estranged**
**03.25 Den of Thieves**

## STÖÐ 2

**08.00 Friends**
**08.20 Grey's Anatomy**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 Two and a Half Men**
**09.50 Mom**
**10.10 I Feel Bad**
**10.35 The Good Doctor**
**11.20 PJ Karsjó**
**11.45 Bomban**
**12.35 Nágrannar**
**12.55 Strictly Come Dancing**
**15.00 Strictly Come Dancing**
**15.45 Grand Designs. Australia**
**16.35 Falleg íslensk heimili**
**17.10 Jamie's Quick and Easy Food**
**17.40 Bold and the Beautiful**
**18.03 Nágrannar**
**18.28 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.47 Sportpakkinn** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**18.55 Ísland í dag** Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.
**19.05 Víkingalottó**
**19.10 First Dates**
**20.00 Grey's Anatomy**
**20.45 The Good Doctor**
**21.30 Mrs. Fletcher**
**22.05 Orange is the New Black**
**23.05 Room 104**
**23.35 The Blacklist**
**00.20 Silent Witness** Breskir sakamálaþættir af allra bestu gerð frá BBC sem fjalla um liðsmenn réttarrannsóknardeildar lögreglunnar í London sem kölluð er til þegar morð hafa verið framin. Nikki Alexander og samstarfsfólk hennar eru öll afar fær á sínu sviði og láta sönnunargögnin á líkinu leiða sig að sannleikanum. Hvert mál er sem þau fást við er rakið í tveimur þáttum.
**01.15 Silent Witness**
**02.10 Manhunt**
**03.00 Manhunt** Glæný bresk glæpaþáttaröð frá BBC sem byggð er á sönnum atburðum.

## STÖÐ 3

**19.10 The Middle**
**19.35 The Last Man on Earth**
**19.55 Friends**
**20.25 Seinfeld**
**20.50 Roswell, New Mexico**
**21.45 Splitting Up Together**
**21.45 Sally4Ever**
**23.30 Underground**
**23.30 Batwoman**
**00.00 Supergirl**
**00.25 Friends**
**01.05 The Middle**
**01.30 The Last Man on Earth**
**04.00 Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**08.00 Serbía - Úkraína**
**09.40 Kósóvó - England**
**11.20 Philadelphia Eagles - New England Patriots**
**13.40 Moldóva - Ísland** Útsending frá leik í Undankeppni EM 2020.
**15.20 Albanía - Frakkland** Útsending frá leik í Undankeppni EM 2020.
**17.00 Þýskaland - Norður-Írland**
**18.40 Undankeppni EM - Mörkin**
**19.00 Undankeppni EM 2020 - Markaþáttur**
**19.50 Formúla 1. Brasilía - Keppni**
**22.10 Norður Írland - Holland** Útsending frá leik í Undankeppni EM 2020.
**23.50 Undankeppni EM 2020 - Markaþáttur**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# Vantar þig blaðið í dag, í gær eða helgarblað frá því í sumar?

## Safnið er á frettabladid.is

» Á frettabladid.is finnur þú Fréttablaðið í dag og safn eldri blaða.

Lestu Fréttablaðið þegar þér hentar á frettabladid.is



# Hvað nota stjörnurnar í hárið?

Þessar sex flottu konur eiga allar sínar uppáhalds hárvöru sem þær hafa mært í hástert. Það er mikilvægt að hugsa vel um hárið í kuldanum, sérstaklega nú rétt fyrir jólin.




Leikkonan og fyrirsætan Emily Ratajkowski elskar Elixir Ultime frá Kérastase. Olía sem gefur mikinn og góðan raka ásamt flottum glans.




Leikkonan Taraji P. Henson hefur mikið dálæti á vörunum frá Aveda, þá sérstaklega sjampóið Shampure. Styrkir og hreinsar hárið vel, en er samt milt og þurrkar ekki hárið.




Leikkonan Kate Bosworth hefur fallega ljósa lokka en hún notar vörur frá Olaplex til að halda hárinu heilbrigðu. Olaplex er í miklu uppáhaldi hjá hárgreiðslufólki sem notar það sérstaklega á kúnna sem vilja lýsa hárið oft eða mikið.




Rosie Huntington-Whiteley notar vörurnar frá Moroccanoil til að halda hárinu mjúku og glansandi. Hennar uppáhalds vara er Moroccanoil Light.




Cindy Crawford heldur mjög upp á vörurnar frá Kevin Murphy og hún segist ekki geta verið án Un.tangled næringarinnar frá fyrirtækinu. Hún þurrkar hárið létt með handklæði og spreyjar svo næringunni í áður en hún greiðir sér.




Riverdale-leikkonan Camila Mendes er hrifin af Frizz Ease Extra Strength frá John Frieda, en vörurnar frá merkinu fást í flestum matvöruverslunum hérlendis og það á sanngjörnu verði.


KEY nat ura
GJAFAÖSKJURNAR ERU KOMNAR!
GEFÐU HEILSU OG VELLÍÐAN Í JÓLAGJÖF
Gjafaöskjurnar eru komnar í vefverslun keynatura.is og væntanlegar á alla helstu útsölustaði á næstu dögum
ASTA SKIN
ASTA CARDIO
ASTA EYE
ASTA CARDIO
ÍSLENSKT ASTAXANTHIN
ÍSLENSKT ASTAXANTHIN
Gjafaöskjur KeyNatura innihalda sannkallaða heilsutvennu hvort sem það er fyrir húðina, hjarta- og æðakerfi, augu eða aukin kraft og betri endurheimt vöðva.
KeyNatura byggir á vísindum og íslensku hugviti. Vörurnar innihalda hreinar íslenskar afurðir, meðal annars andoxunarefnið Astaxanthin og lífræna ætihvönn úr Hrísey.

Stærsta efnisveita með íslenskt sjónvarpsefni

Vandað íslenskt sjónvarpsefni, nýjustu erlendu þáttaraðirnar, barnaefni með íslensku tali og hátt í þúsund kvikmyndir.

Verð aðeins
3.990 kr./mán.




MARAÞON

Tryggðu þér áskrift
stod2.is | 1817





Guðmundur og Atli hafa báðir mikinn áhuga á því að tvinna saman tónlist og myndbandalist. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

# Veisla fyrir augu og eyru í Mengi

**Atli** og **Guðmundur** munu á föstudaginn flytja samtvinnað tónlistar- og myndbandsverk í Mengi. Atli segir marga ekki gera sér grein fyrir því hvernig hægt sé að flytja myndbandsverk líkt og aðra list.

Þeir Atli Bollason og Guðmundur Ingi Úlfarsson sameina krafta sína í þriggja sjónleika röð í Mengi, næstu þrjá mánuði. Atli átti stutt samtal við Fréttablaðið um hvað sjónleikar séu eiginlega og hvernig þeir heiðra hefðir frumkvöðla í myndbandalist á sinn hátt.

**Lykilatriðið í þessu er að þetta er ekki myndefni við tónlist eða öfugt heldur verður hvort tveggja til samtímis.**

## Spunnið á staðnum

„Nú á föstudaginn er fyrsta kvöldið í röð þriggja. Við köllum þetta tilraunastofu, því við erum að rannsaka hvernig við getum samþætt hljóð og mynd í einhvers konar performans-samhengi. Það er svona örstutta útgáfan, ef ég á að lýsa þessu,“ segir Atli.

Hann segir þá báða hafa bakgrunn í tónlistarsköpun og eiga það einnig sameiginlegt að hafa mikinn áhuga á hvernig tónlist og myndbandalist sé tvinnað saman.

„Við náum vel saman með þetta sameiginlega áhugamál. Þannig að við ákváðum að gá hvort við gætum ekki gert eitthvað í sameiningu með báða þessa þætti. Lykilatriðið í þessu er að þetta er ekki myndefni við tónlist eða öfugt heldur verður hvort tveggja til samtímis. Það er ekki hægt að slíta annað frá hinu. Þess vegna köllum við þetta sjónleika, af því að þetta eru ekki beinlínis tónleikar.“

Atli og Guðmundur verða fyrir aftan tjald meðan þeir skapa tón- og myndbandsverkið.

„Það glittir í okkur en við erum ekki í forgrunni heldur myndefnið.“

Hann segir þá ekki hafa gert verk sem þetta saman áður, en að þeir hafi komið fram hvor í sínu lagi þar sem efni þeirra var með áþekku sniði.

„Þá var tónlistin samin fyrir fram, en í þessu tilfelli verður hún spunnin á staðnum.“

## Heiðra eldri hefðir

Fyrstu sjónleikarnir verða næsta föstudag í Mengi, þeir næstu 19. desember og þeir síðustu í röðinni verða þann 30. janúar.

„Við lítum á þetta sem eitt verkefni sem er í þróun og við bjóðum fólki að kíkja á hvar við erum staddir í ferlinu, þrisvar sinnum,“ segir Atli.

Á ensku er þetta kallað audiovisual performance, en þeir hafi sjálfir komið upp með nafnið sjónleikar því þeim þótti vanta gott orð yfir það sem þeir væru að gera.

„Það er ekki til neitt almennilegt hugtak yfir þetta á íslensku. Þetta hefur líka ekki verið gert mikið hérlendis, þannig séð. Við lítum svo á að við séum að reyna að gefa þessu listformi aukið rými. En þetta er náttúrulega í samtali við til dæmis Vasulka-hjónin.“

Atli á þá við hjónin Steinu og Woody Vasulka sem voru frumkvöðlar á sviði myndbandalistar.

„Allt sem þau voru að gera, það var meiri performans, það gekk ekki allt út á að sýna einhver fullkláruð verk á einhverjum söfnum. Það gekk frekar út á stað og stund og að leyfa áhorfendum að verða vitni að einhverju sem gerist í rauntíma. Þannig að við erum í einhverjum skilningi að heiðra þá hefð, einhverja forna myndbandalistsköpun. En við erum líka að beita nýrri tækni, þannig að þetta er ekki bara retró.“

## Geta gert tvennt í einu

Hann segir það í raun merkilegt að ekki sé gert meira af list í þessum stíl, þar sem myndmiðlar séu svo stórt tjáningarform í nútíma samfélagi.

„Það er stöðugt verið að miðla myndum og myndböndum, nánast allt efni og áreiti sem við verðum fyrir. Samt eru ekki margir sem velta því fyrir sér að myndband getur verið eitthvað sem þú flytur. Það er svo mikið talað um myndlæsi og að kenna krökkum að klippa, en ekki lögð áhersla á að kenna þeim þetta. Þetta verður alveg út undan og fólk gleymir að þetta sé yfirleitt mögulegt, að flytja myndband.“

Báðir flytja þeir tónlistina og myndbandið á sama tíma. En er ekki alltaf sagt að karlmenn geti bara gert einn hlut í einu?

„Þess vegna verður svo áhugavert að sjá hvort þetta gengur upp. Annaðhvort náum við tveir að afsanna þetta, eða ef allt fer á versta veg, að sanna þetta. Kannski verður bara tómur skjár og engin tónlist,“ svarar Atli hlæjandi.

Sjónleikar Atla og Guðmundar hefjast klukkan 21.00 næsta föstudag í Mengi við Óðinsgötu.

**steingerdur@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

★★★★★ ARD stærsta sjónvarpsstöð Þýskalands um Útkall - Goðafoss

# Lentu í tveimur flugslysum sama daginn

BÆKUR ÓTTARS SVEINSSONAR HAFA Á HVERJU ÁRI Í ALDARFJÓRÐUNG VERIÐ EITT VINSÆLASTA LESEFNI ÍSLENDINGA




**Rétt fyrir jól lenda tvær ungar konur** og vinur þeirra í tveimur flugslysum á Íslandi – sama daginn! +++

**Ellefu manns, í lítilli Cessna-flugvél** og stórri björgunarþyrlu - þar af tveir læknar frá Borgarspítalanum - horfast í augu við dauðann í myrkri og snjóbyl uppi á Mosfellsheiði +++

**Þegar björgunarsveitarmenn** koma að þyrlunni, sem hefur brotlent illa, heyrast þaðan skerandi neyðar- og sársaukaóp +++

**Ofboðsleg eldsneytisgufa** og neistaflug mætir þeim – er að kvikna í flakinu? Það er eins og tifandi tímasprengja! +++

**Guð minn góður**, er þyrlan að springa? Hörfum við eða tökum við áhættuna og reynum að bjarga fólkinu? Lifum við þetta af eða farast tugir manna og kvenna? +++

## Óttar Sveinsson



Útkallsbækurnar hafa í aldarfjórðung verið eitthvert vinsælasta lesefni Íslendinga, en slíkt er einstætt. Bækur sem lesendur leggja ekki frá sér fyrr en að lestri loknum. Með sínum hörkuspennandi frásagnarstíl tekst Óttari Sveinssyni ávallt að koma okkur í náin tengsl við söguhetjurnar sem eru sprottnar beint úr íslenskum raunveruleika. Mannlegt drama, einlægni, fórnfýsi, ást og umhyggja alþýðufólks lætur engan ósnortinn.

**Egill Helgason**: ,,Feikivinsælar bækur – alltaf á metsölulistum.“
**Kolbrún Bergþórsdóttir**: ,,Mannlegt drama ... mikil nánd við persónurnar.“
**Páll Baldvin Baldvinsson**: ,,Maður kemst í samband við hversdagsmenn sem sýna af sér umhyggju, ást og virðingu.“

26 ÁR
Á TOPPNUM

**facebook.com/utkall**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Davíðs Þorlákssonar




## EÍMB

Við erum öll frekar sjálfhverfar skepnur. Okkur finnst okkar heimur og vandamál miklu mikilvægari en annarra. Ein birtingarmynd þessa er það sem er kallað á ensku nimbyismi. NIMBY stendur fyrir not in my backyard, eða ekki í mínum bakgarði. Við viljum öll að til sé alls kyns mikilvæg þjónusta, t.d. fyrir þá sem standa höllum fæti, og samgöngumannvirki. Við viljum bara ekki að þau séu í okkar bakgarði. Við viljum að þau séu í bakgarðinum hjá einhverjum öðrum.

Hin hliðin á þessum peningi er þegar við viljum hafa þjónustu sem okkur hentar einmitt í bakgarðinum hjá okkur. Barnafólk vill hafa skóla í næsta nágrenni við sig þótt það séu hvorki rekstrarlegar né faglegar forsendur til þess að reka skóla einmitt á þeim stað. Mál af þessum toga eru sérstaklega algeng í sveitarstjórnarmálum. Þar eru sveitarfélög oft að reyna að bæta þjónustu eða auka hagræðingu en mæta þá mikilli andstöðu fámennra en mjög háværra hópa í hverfinu sem það snertir. Sveitarstjórnarmenn eru þá oftast að reyna að skoða stærri hagsmuni en íbúarnir bara að hugsa um sína sérhagsmuni.

Vandinn er að hinir stóru hagsmunir eiga sér sjaldan háværa málsvara meðal almennings. Við slíkar aðstæður er oft freistandi fyrir minnihlutann að stökkva á vagninn með sérhagsmununum og popúlistum. Vilji þau láta taka sig alvarlega, vilji þau einhvern tímann vera kosin í meirihluta og vilji þau vera samkvæm sjálfum sér til lengri tíma litið þá verða þau að hafa manndóm til að styðja hina stóru hagsmuni.








